

Biðröð á Þingvöllum



Beðið eftir að fá að borgna Svo mikið álag er á greiðsluvélarnar tvær á Þingvöllum að önnur vélin var biluð í gær þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá. Svo mikil umferð er við bílastæðin að það þarf starfsfólk til að stýra henni og aðstoða ferðafólk. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjögur bönd bjuggu til barn

LÍFID Reykjavíkurdóttirin Tinna, Bibbi bassaleikari Skálmaldar, Birgir, trommarinn í Dimmu og Ernir í Ylju hafa stofnað hljómsveitina Kroniku.

Um tilurð hljómsveitarinnar segir Tinna að hún hafi fengið skilaboð frá Bibba þar sem henni var í raun tilkynnt að hún yrði söngkona í nýju bandi. – sp / sjá síðu 30

Mjólka flytur til Kaupfélagsins

VIÐSKIPTI Mjólkurvinnslu Mjólkú í Hafnarfirði verður lokað á næstunni og öll starfsemi flutt í húsnæði Kaupfélags Skagfirðinga á Sauðárkróki og í afurðastöð MS í Búdardal.

Starfsfólk við framleiðslu fékk upp-sagnarbréf í apríl en þar á meðal er Björn Valur Ellertsson sem starfað hefur hjá fyrirtækinu í fjórtán ár. „Ég held að það sé enginn að fara norður með þeim.“ – snæ / sjá síðu 4



Spá miklum skorti á grunnskólakennurum

Ný rannsókn á þróun kennarastéttarinnar leiðir líkur að því að árið 2031 verði orðinn mikill skortur á réttindakennurum og að árið 2051 verði þeir orðnir nær þrefalt færri en árið 2011. Lengra kennaranám virðist hafa fælt fólk frá stéttinni.

SKÓLAMÁL Árið 2011 voru grunnskólakennarar á Íslandi 9.327.

Ný rannsókn um þróun kennarastéttarinnar á næstu áratugum leiðir í ljós að eftir 35 ár, árið 2051, verði fjöldi grunnskólakennara kominn niður í 3.689.

Helgi Eiríkur Helgason meistaranemi og Stefán Hrafn Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands, rannsökuðu samsetningu grunnskólakennara á Íslandi og skoðuðu þróun stéttarinnar.

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru alls 4.531 starfandi kennari í grunnskólum landsins með kennsluréttindi. Á sama tíma voru 9.327 Íslendingar með réttindi sem grunnskólakennarar.

Samband íslenskra sveitarfélaga áætlað að eftirspurn eftir grunn-

Í ljósi þess að um helmingur grunnskólakennara starfar við grunnskólakennslu má leiða að því líkur að strax árið 2031 verði orðinn mikill skortur á réttindakennurum fyrir grunnskóla að öðru óbreyttu.

Stefán Hrafn Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands.



skólakennurum aukist um tíund á næstu tuttugu árum. „Í ljósi þess að um helmingur grunnskólakennara starfar við grunnskólakennslu má leiða að því líkur að strax árið 2031 verði orðinn mikill skortur á réttindakennurum fyrir grunnskóla að öðru óbreyttu,“ segir Stefán Hrafn.

Árið 2012 tóku gildi ný lög um kennslu í grunnskóla. Til að fá leyfisbréf sem grunnskólakennari þarf fólk að klára fimm ára háskólanám í stað þriggja ára áður. Veruleg fækkun varð á fjölda útskrifaðra í kjölfarið.

Árið 2015 útskrifuðust 87 einstaklingar með háskólapróf og leyfisbréf sem grunnskólakennari.

„Fátt ef nokkuð bendir til að fjöldi útskrifaðra kennara komi til með að aukast á næstu árum,“ segir Stefán Hrafn. – sa / sjá síðu 10

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Gegnum aldirnar hafa hetjurnar í sögunum verið úti- legumenn, skrifar Guðmundur Andri. **13**

SPORT Ísland mætir með marga á EM sem hafa ekki komið við sögu í landsleik sem skiptir máli. **16**

MENNING Ný ópera um fótbolta og önnur um selsham **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

PÚ
BARA
VERÐUR
AD SMAKKA

HAGKAUP
Stærri tilgjafi á vörum

FK
FJARÐARKAUP

úrval
Samkaup

HÚSASMÍÐJAN

nettó

POPPARINN
MÉÐ ÖLLU


HUMANGS
GRILLSÓSA

ALVÖRU
PIZZASÓSA

FRÖNSK
HVÍTLAUKSÓSA

GRILL
SÓSAR

Veður



Hægviðri eða hafgola í dag og skýjað með köflum og líkur á síðdegisskúrum. Milt veður. **SJÁ SÍÐU 20**

Færri deyja úr krabbameini og nýgengi lækkar

HEILBRIGÐISMÁL Nýgengi krabbameina og dánartíðni vegna þeirra hefur lækkað hjá báðum kynjum á undanförunum árum.

Með nýgengi er átt við tíðni greininga á krabbameini.

Til ársins 2010 var stöðug hækkun á nýgengi krabbameina. Dánartíðni var áður fremur stöðug en hefur frá aldamótum lækkað töluvert.

Lára G. Sigurðardóttir, læknir og fræðslustjóri Krabbameinsfélagsins, segir að um sé að ræða óvæntan viðsnúning í þróun krabbameina hér á landi.

„Um 2009 hafði tíðnin verið að hækka um eitt prósent á ári og séð var fram á að þróunin yrði þannig áfram. Núna sjáum við að sú spá er ekki að rætast,“ segir Lára.

Stærsti hluti lækkunar dánartíðni hjá konum er meðal þeirra sem eru með brjóstakrabbamein en þriðjungur lækkun hefur orðið á síðustu þrjátíu árum. Rekja má lækkunina til leitarstarfs Krabbameinsfélagsins sem og mikilla framfara í meðferð.

Hjá körlum munar mestu um tuttugu prósent lækkun á dánartíðni af völdum krabbameina í lungum og blöðruhálskirtli.

Þennan góða árangur má þakka öflugum tobaksvarnarstarfi undanfarinna ára og fleiri skurðaðgerðum þar sem blöðruhálskirtillinn er fjarlægður. – þv

Um 2009 hafði tíðnin verið að hækka um eitt prósent á ári og séð var fram á að þróunin yrði þannig áfram. Núna sjáum við að sú spá er ekki að rætast.

Lára G. Sigurðardóttir, fræðslustjóri Krabbameinsfélags Íslands.



Kenna Íslendingum að sigla



Natasha og Jay Thompson González ásamt börnum sínum fjórum eru aftur komin til Íslands á skútunni sinni Messenger og nú til að kenna Íslendingum að sigla. Fjölskyldan hefur síðastliðin sex ár búið í skútunni og siglt um heiminn. Fyrir tæpum tveimur árum komu þau til Íslands og höfðu hér vetursetu, fyrst í Reykjavík en svo á Ísafirði þar sem yngsti fjölskyldumeðlimurinn fæddist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Interpol lýsir eftir Íslendingi

LÖGREGLUMÁL Alþjóðalögreglan Interpol lýsir eftir Íslendingnum Jóni Valdimar Jóhannssyni vegna afplánunar dóms. Í tilkynningu Interpol kemur fram að hann hafi gerst sekur um stórfellda líkamsárás, en það eru íslensk yfirvöld sem lýsa eftir honum.



Jón Valdimar Jóhannsson

Jón Valdimar er 32 ára gamall og samkvæmt upplýsingum Interpol er hann 87 kíló að þyngd og 1,76 metrar að hæð.

Árið 2008 hlaut Jón Valdimar 30 daga skilorðsbundinn dóm á Íslandi fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot.

Interpol biðlar til þeirra sem hafa upplýsingar um Jón Valdimar að hafa samband við lögreglu yfirvöld. – þv

Armenar áhugasamir um íslenska krimma

Uppselt var á fund Yrsu Sigurðardóttur og Ragnars Jónassonar sem fram fór í einni stærstu bókaverslun heims í síðustu viku. Ragnar Jónasson nýtti tækifærið í ferðinni og ræddi við sjónvarpsþáttaframleiðendur. Hefur selt bækur til 10 landa.

MENNING „Fyrir okkur er mikill heiður að vera boðið að vera með viðburð í þessari búð. Þetta er þar sem allir vilja vera með bækurnar sínar í sölu og svo er mikill heiður að því að þeir vilji setja upp þennan atburð sérstaklega fyrir okkur,“ segir Ragnar Jónasson rithöfundur.

Hann og Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur lögðu leið sína til Lundúna í liðinni viku. Þar áttu þau samtalið við fullan sal af gestum um íslenskar glæpasögur og sín eigin ritverk í bókabúð Waterstones-keðjunnar á Piccadilly í London, sem er ein stærsta bókabúð í heiminum.

Ragnar hefur samið um útgáfu á bókum sínum í ellefu löndum og segir Ragnar að þeirra mest framandi sé ef til vill Armenia. „Það var einhver maður sem vildi hafa samband við mig og hann virtist hafa mikinn áhuga á íslenskum glæpasögum og hafði gefið út áður Arnald og Yrsu, að ég held. Þetta er sennilegast óvenjulegasta landið og mest framandi landið,“ segir Ragnar. Hann segir þó að stærsti markaðurinn í ár sé Frakklandsmarkaðurinn. Þar hefur bók hans, Snjóblindu, verið gefin út í 21 þúsund eintökum og segir Ragnar að viðtökurnar hafi verið mjög góðar.

Um leið og Ragnar var úti til að hitta fólk í bókabúð Waterstones hitti hann fulltrúa sjónvarpsmyndaframleiðendanna On the Corner sem hafa keypt kvikmyndaréttinn á bókum hans og vinna nú að gerð framhaldsþátta. „Þeir sögðu að það væri mjög góður gangur í þessu ferli. Þeir eru að vinna í því núna að finna



Uppselt var þegar Ragnar Jónasson og Yrsa Sigurðardóttir ræddu íslenskar glæpasögur, einkum sín eigin verk, við breska lesendur.

Ragnar hefur selt bækur sínar til 11 landa.

Bandaríkin
Bretland
Ítalía
Frakkland
Þýskaland
Kórea
Japan
Armenía
Pólland
Tyrkland
Ástralía

handritshöfund. Þeir eru búnir að sigta út einhvern hóp sem þeir eru að velja hinn eina rétta úr,“ segir Ragnar. On the Corner er ungt framleiðslufyrirtæki, ef til vill þekktast fyrir að hafa unnið til Óskarsverðlauna fyrir heimildarmynd um Amy Winehouse.

Ragnar segir að framleiðendurnir ætli að skoða þann möguleika að taka þættina upp á Íslandi, en handritshöfundurinn verði líklegast ekki íslenskur. „Ég veit ekki til þess að þeir séu að skoða íslensk nöfn.“ jonhakon@frettabladid.is

Garðtraktorar í miklu úrvali



Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

MTD

PÓR

Reykjavík:
Krokháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thoris.com



RENAULT
Passion for life

Mest seldu sendibílar Evrópu í 18 ár



KÍKTU Í KAFFI OG REYNSLUAKTU

Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.

RENAULT KANGOO, DÍSIL 1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: 2.411.000 kr. án vsk.
2.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,3 l/100 km*

RENAULT TRAFIC, DÍSIL 1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL

Verð frá: 3.379.000 kr. án vsk.
4.190.000 kr. m. vsk.

Eyðsla frá 6,5 l/100 km*

RENAULT MASTER, DÍSIL 2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL

Verð frá: 3.992.000 kr. án vsk.
4.950.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 7,8 l/100 km*

www.renault.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Forsetaframbjóðendur tókust á um Icesave og stjórnarskrána

KOSNINGAR Forsetaframbjóðendurnir Davíð Oddsson og Guðni Th. Jóhannesson, sem mælast eftir í skoðanakönnunum, mættust í Eyjuni á Stöð 2 í gær og er óhætt að segja að nýr tónn hafi verið sleginn í kosningabaráttunni.

Davíð Oddsson var í nær stöðugri sókn og veittist að Guðna. Þar snerist gagnrýnin meðal annars til afstöðu Guðna til Icesave-samningsins. Davíð vísaði í gamla grein frá 2009 og sagði hana sýna að Guðni hefði verið hlyntur því að greiða upp „skuldir

óreiðumanna.“ Þegar Guðni neitaði fyrir slíkt sakaði Davíð hann um að reyna að hlaupast frá því að greina þjóðinni frá afstöðu sinni.

„Hvar ættum við að hefja umræðuna um Icesave,“ spurði Guðni á móti. „Eigum við að hefja hana í blaði Reykjavík Grapevine frá 2009 eða eigum við að hefja hana með því að ræða það hvernig eftirlitsstofnanir brugðust hér? Hvernig margir ráðamenn fögnuðu því sem var í gangi og kölluðu það tæra snilld? Mér finnst þetta ósanngjarnt.“

Davíð beindi næst spjótum sínum að Guðna vegna afstöðu hans til stjórnarskrárbreytinga og sakaði hann um að vilja „kollvarpa“ henni. Guðni sagðist eingöngu mæla með ákvæði í stjórnarskrá sem leyfir almenningi að koma að ákvörðunum með kosningu. „Þú ert staðinn að því að reyna að hlaupa frá öllu saman,“ sagði Davíð.

„Hefur þú enga sómakennnd?“ spurði Guðni þá og sagðist eingöngu tala um endurbætur á stjórnarskránni.

Viðtalið má finna í heild sinni á Visir.is – bös, ebg



Davíð Oddsson og Guðni Th. Jóhannesson tókust á í Eyjuni sem er í umsjá Björns Inga Hrafnssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mjólka lokar og fer undir þak KS og MS

Búið er að segja upp starfsfólki Mjólku en starfsemi fyrirtækisins flytur á Sauðárkrók og í Búðardal. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir að um hagræðingu hjá Kaupfélagi Skagfirðinga sé að ræða. Kurr er í starfsfólki Mjólku sem þarf nú að finna sér nýja vinnu.

VIÐSKIPTI Öll vinnsla fyrirtækisins Mjólku flyst í mjólkursamslag Kaupfélags Skagfirðinga á Sauðárkróki og í afurðastöð MS í Búðardal innan tíðar. Framleiðsla Mjólku verður hætt í Hafnarfirði en starfsmenn við framleiðslu fengu uppsagnarbréf vegna þessa í apríl.

Árið 2009 keypti Kaupfélag Skagfirðinga, Mjólku og þar með sósuframleiðsluna Vogabæ sem framleiðir E. Finnsson sósúr og Vogaidýfur. Kaupfélag Skagfirðinga á tíu prósent hlut í MS, stærsta mjólkursamslagi landsins á móti 90 prósent hlut Auðhumlu sem er samvinnufélag bænda í mjólkurframleiðslu. Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins árið 2009 kom fram að afar náið samstarf væri á milli MS og KS en Þórólfur Gíslason kaupfélagsstjóri væri varaformaður stjórnar MS og hefði tímabundið verið annar forstjóri MS. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var hann settur sem slíkur til að „taka til í rekstrinum“.

Þegar Kaupfélag Skagfirðinga keypti Mjólku árið 2009 sagði í úrskurði Samkeppniseftirlitsins að með samrunanum hefðu fyrirtækin KS og MS nærri 100 prósent markaðshlutdeild á mjólkurmarkaði. Svo sagði: „Í ljósi þessa og með hliðsjón af stöðunni á markaðnum telur Samkeppniseftirlitið að samruninn raski samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og er samruninn andstæður markmiði samkeppnislaga.“ Undanþága í búvörulögum gerði það þó að verkum að Samkeppniseftirlitið gat ekki gripið inn í. Þó kom fram í úrskurðinum að líta beri á KS og MS sem einn og sama aðilann í viðskiptalegu tilliti.

Síðan þá hefur vörumerkið Mjólka verið til húsa í Hafnarfirði. Framleiðsla fetaosts Mjólku flyst innan tíðar í starfsstöð MS í Búðardal og aðrar vörur verða framleiddar

Neytendur eru alls ekki að versla við þann sama, hvað meinarðu? Þó að KS eigi í MS þá erum við í samkeppni við þá, alveg klárt.

Leifur Grímsson, framkvæmdastjóri Mjólku



í mjólkursamslagi KS á Sauðárkróki. Leifur Grímsson, framkvæmdastjóri Mjólku, segir að þrátt fyrir þetta sé Mjólka enn í samkeppni við MS. „Mjólka er í raun bara vörumerki núna. Þetta bara snýst um hagræðingu og þess háttar.“

Leifur segir að fyrirkomulagið sé ekki villandi fyrir neytendur og það sé ekki svo að verslun við Mjólku sé í raun verslun við MS. „Neytendur eru alls ekki að versla við þann sama, hvað meinarðu? Þó að KS eigi í MS þá erum við í samkeppni við þá, alveg klárt. Hins vegar varðandi fetaostinn þá er það rétt að við framleiðum hann í verksmiðju MS í Búðardal. Við leigjum okkur aðstöðu þar og ráðum bara fólk til að framleiða hann þar.“

Hann segir KS ráðast í breytingarnar til að nýta fjárfestingu sína betur. „Mjólka er og verður í samkeppni við MS, það er bara þannig.“

Starfsmenn á lager og í markaðsmálum Mjólku hafa í einhverjum tilfellum tækifæri til að starfa áfram hjá fyrirtækinu. Starfsmenn í framleiðslu fengu hins vegar uppsagnarbréf í apríl eins og áður segir. Björn



Fetaostur Mjólku verður eftirleiddur framleiddur hjá MS í Búðardal. Að sögn Leifs Grímssonar framkvæmdastjóra mun Mjólka leigja þar aðstöðu og ráða sér starfsfólk til að sinna framleiðslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Valur Ellertsson hefur starfað í framleiðslu hjá Mjólku og Vogabæ í fjórtán ár. „Það eru ekki allir ánægðir með þetta. Þeir voru að reyna að fá flest af þessu starfsfólki til að koma með norður og prófa. Þeir hjá KS voru búnir að bjóðast til þess að fólk fengi fritt húsnæði og laun í þrjá mánuði á meðan fólk væri að átta sig á því hvort það vildi vera þarna eða ekki, en ég held að það sé enginn að fara þarna norður með þeim,“ segir Björn.

Hann segir að það hafi ekki staðið til hjá sér að skipta um vinnu þegar flutningurinn kom upp. „Það er kurr í starfsfólkinu.“ snaeros@frettabladid.is

Undanþága búvörulaga í bága við samkeppni



Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins árið 2009 segir að líta beri á MS og KS sem einn og sama aðilann í viðskiptalegu tilliti. Seta kaupfélagsstjórnans í stjórn MS, staða hans sem tímabundinn forstjóri MS og markaðsráðandi staða fyrirtækjanna brjóti allt gegn samkeppnislögum.

Sökum ákvæða búvörulaga gildi þessi meginsjónarmið hins vegar ekki um afurðastöðvar í mjólkuriðnaði.

71. grein búvörulaga hljómar svo: „Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða.“



Fiskur vikunnar

30. maí – 3. júní

Allur steinbítur, ferskur og kryddlegin

★ 1.690 kr. kg.



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | [facebook](https://www.facebook.com/hafid)



TAKTU SKREFIÐ

SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI

Á GRUNNSTIGI NÁMSLÍNUR ÁN EINGA

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI
STAÐNÁM - FJARNÁM

FJÁRMÁL OG REKSTUR
STAÐNÁM - FJARNÁM

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRÍÐUM
HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR

HUGUR OG HEILBRIGÐI
- GERÐU GOTT LÍF BETRA

NÁM TIL LÖGGILDINGAR
FASTEIGNA- OG SKIPASALA
STAÐNÁM - FJARNÁM

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

Á FRAMHALDSSTIGI

VIÐURKENNDUR BÓKARI
STAÐNÁM - FJARNÁM

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI

FJÖLSKYLDUMÆÐFERÐ

UMSÓKNARFRESTUR TIL 1. JÚNÍ

FLESTAR NÁMSBRAUTIR ENDURMENNTUNAR ERU LÁNSHÆFAR


NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR:

sími 525 4444
ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

BLT samloka & Coke

.....
á virkum dögum
í Björnsbakarí
Dalbraut 1



kr. 1290



BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Mótmæla með glamúr og gleði



Brasíla Þátttakendur í Gay Pride í stærstu borg Brasilíu, Sao Paulo, nýttu tækifærið og mótmæltu nýjum tímabundnum forseta landsins, Michel Temer, í göngunni í gær. Þetta er tuttugasta Gay Pride-hátíð borgarinnar en þema hennar er: „Lög um kynvitund, STRAX! Allir saman gegn transfóbíu.“ Stanslaus mótmæli hafa verið í Brasílu síðan forsetinn tók við embættinu þann 13. maí síðastliðinn. NORDICPHOTOS/AFP

Barnungir gerendur borga sjálfir meðferð

Ekki er hægt að dæma unga kynferðisbrotamenn til sálfræðimeðferðar. Skil-orðsbundið fangelsi er algengasta refsingin. Meðferð er undir foreldrum komin.

SAMFÉLAG Aðeins lítill hluti af gerendum í kynferðisbrotamálum sem eru á aldrinum 15 til 18 ára sækir sálfræðimeðferð á vegum Barnaverndarstofu. Sérstaklega verður að skrá geranda til meðferðar og hún er honum eða fjölskyldu hans ekki að kostnaðarlausu. Þetta kemur fram í meistararitgerð Klöru Óðinsdóttur við lagadeild Háskóla Íslands.

„Ef börnin koma úr slæmum heimilisáðstæðum þá eru litlar líkur á að málið fari eitthvert,“ segir Klara. Þetta er vegna þess að foreldrar barnunga gerenda geta hafnað sálfræðimeðferð eða sleppt því að sækjast eftir henni.

Rannsókn Klöru beindist að kynferðisbrotamönnum á aldrinum 15 til 18 ára og þeim úrræðum sem þeim bjóðast eða þeir eru beittir í refsiskyni. Eins og Fréttablaðið hefur áður fjallað um er hópurinn að mestu leyti strákar en rannsóknir sýna að allt að þriðjungur kynferðisbrota sé framinn af einstaklingum undir sjálf-ræðisaldri.

Klara segir að réttarkerfið geri ekki ráð fyrir því að hægt sé að dæma unga gerendur til meðferðar. „Algengasta refsingin í dag er skilorðsbundið

Þegar verið er að breyta úrræðum og refsingum í kynferðisbrotum verður að taka tillit til þolenda og taka upplifun þeirra meira til greina en hefur verið gert.

Klara Óðinsdóttir
lögfræðingur



fangelsi. Sakborningar upplifa jafnvel að þeir hafi sloppið og þolendur upplifa að brot þeirra séu órefsuð. Ég mæli með því að það verði hægt að dæma gerendur til sálfræðipjónustu eða í stuðningshópa. Ég legg til að eitt af þessum úrræðum verði tekið upp í refsivörslukerfinu,“ segir Klara. Stuðningshópana, eða samtalshópana, hefur Klara skoðað en fyrirmynd þeirra er í Kanada og Bretlandi. Eftir því sem næst verður komist hafa þeir gefið góða raun.

„Kynferðisbrot eru þau sem snerta fólk einna mest og fólk upplifir þau

jafnvel sem ógeðfældustu brotin. Það er hætt við því að kynferðisbrotamenn séu einangraðir og útskúfaðir í samfélaginu sem virðist vera áhættuþáttur í því að þeir brjóti af sér aftur. Það er mjög mikilvægt að endurhæfa þá og enduraðlaga að samfélaginu.“

Eins og áður segir fellur kostnaður við sálfræðimeðferð á fjölskyldur gerenda. Leiða má líkur að því að sú staðreynd hafi einhver áhrif í því að frá 2009 til 2013 fengu 53 börn sálfræðipjónustu á vegum barnaverndaryfirvalda vegna óæskilegrar kynferðislegrar hegðunar. Á sama tíma kemur fram í ársskýrslu barnaverndar 2012 til 2013 að um fjórtíu til fimmtíu tilvik komi upp á ári þar sem einstaklingur á aldrinum tíu til átján ára sýnir af sér óviðeigandi kynferðislega hegðun í garð annars barns.

„Þegar verið er að breyta úrræðum og refsingum í kynferðisbrotum verður að taka tillit til þolenda og taka upplifun þeirra meira til greina en hefur verið gert. Það þarf að leita lausnar sem stuðlar að því að réttlætistilfinningu þolenda sé fullnægt og sem hjálpar geranda.“

snaeros@frettabladid.is

Ástsæla Kremkexið

Við erum komin aftur



Crawford's
EST·1813

Enginn ferðamaður mótmælt bílastæðagjaldi á Þingvöllum

FERÐAÞJÓNUSTA Bílastæðagjald hefur verið lagt á við Þingvelli til þess að mæta auknum fjölda ferðamanna. Einar Á. E. Sæmundsen, fræðslufulltrúi Þingvalla, segir að bílastæðin séu svo yfirfull að samhliða gjaldtökunni þurfi nú starfsfólk til að stýra umferð um bílastæðin og aðstoða ferðafólk.

„Þetta er í góðum framgangi skulum við segja. Það sem kemur okkur jákvæðast á óvart er að ferðamenn eru ekkert ragir við að borga stöðumælagjöld. Við höfum varla hitt mann sem hefur muldrað yfir því,“ segir Einar.

Samkvæmt reglugerð forsætis-

ráðuneytisins kostar 500 krónur fyrir fólkubíl að leggja við Þingvelli. Jeppar greiða 750 krónur og hópferðabílar greiða á bilinu 1.500 til 3.000 krónur.

Raðir hafa myndast við greiðsluvélarnar og þegar Fréttablaðið bar að garði í dag hafði önnur vélin af tveimur bílað á efra stæði Þingvalla. „Við höfum verið að keyra þetta af stað síðan í síðustu viku. Við höfum líka verið að læra á nýja rútínu með þessu, hvernig tækin virka úti á vettvangi, og reynt að skynja hvernig þetta leggst í ferðamenn,“ segir Einar.

Starfsfólk hefur þurft að aðstoða

ferðamenn vegna kortavandræða og við að skilja fyrirkomulagið. „Þetta hefur gengið alveg ágætlega gagnvart öllum sem vilja koma og borga. Það virðist ekki vera nein hindrun fyrir ferðamenn og aðra að borga en það hafa verið nettruflanir að hrjá okkur á Þingvöllum almennt og það hefur verið að stríða okkur inn á milli.“

Eins og áður segir hefur ekki komið til vandræða við að fá fólk til að borga. „Maður var búinn undir það ef menn færi að reka í rogastans yfir þessu en við höfum engan hitt sem hefur kvartað yfir því.“ – snæ



Þingmaðurinn Róbert Marshall minntist á raðir við gjaldtækin á miðvikudag. Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær, sunnudag, var það sama uppi á teningnum og ein vélin bíluð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Banna ætti bruna svartolíu við Ísland

Ísland ætti að fullgilda viðauka alþjóðasamnings um takmörkun á útblæstri skipa innan íslenskrar landhelgi. Með því yrði tekið stórt skref til að vernda umhverfislögsögu Íslands og viðkvæmt lífríki innan hennar. Lítil umræða sögð vera um aðkomu Íslands að regluverki.

UMHVERFISMÁL Íslensk stjórnvöld ættu í ljósi skuldbindinga samkvæmt nýjum loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna að taka alvarlega til skoðunar að lögfesta sjötta viðauka við Marpol-samninginn – alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum. Þar er fjallað um takmörkun á útblæstri, losun á sorpi og efnaúrgangi í sjó.

Þetta kemur meðal annars fram í minnisblaði Gísla Gíslasonar, hafnarstjóra Faxaflóahafna, um útblástur og landtengingar skipa sem hann kynnti á fundi stjórnar 13. maí.

Í ljósi samningsins verða Íslendingar að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis um 350 til 400 þúsund tonn á næstu fimmtán árum en þetta verður ekki gert nema með verulegum fjárfestingum í rafmagni. Í þessu sambandi rekur Gísli tæknilegar lausnir við að koma á landtengingum skipa sem hægt er að koma á nú þegar og getur minnkað notkun á jarðefnaeldsneyti og dregið úr útblæstri.

Í viðara sambandi segir Gísli að stærsta aðgerðin við að draga úr útblæstri skipa sé sjötta viðauki Marpol-samningsins – sem hefur skilað markverðum árangri innan sérstakra svæða (ECA) þar sem takmarkanir á útblæstri eru í gildi. Sífellt fleiri lönd hafa skoðað lögfestingu viðaukans og fyrir liggja hugmyndir um útvíkkun svæðanna með því að ný hafsvæði falli undir ákvæði hans.

En hugmyndir um að ákvæðin gildi á hafsvæðinu við Ísland hafa ekki verið viðráðar, þó Ísland sé aðili Marpol-samningsins síðan 1985. Allir viðaukar samningsins

Verndun umhverfislögsögu Íslands er gríðarlega mikilvægt verkefni til verndunar á lífríki sjávar við Ísland.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna



utan þess sjötta hafa öðlast gildi hér. Gísli gerir að tillögu sinni að umhverfislögsaga Íslands verði gerð að ECA-svæði, þannig að skip sem sigla innan efnahagslögsögu Íslands verði að uppfylla strangar reglur um efnainnihald eldsneytis.

„Verndun umhverfislögsögu Íslands er gríðarlega mikilvægt verkefni til verndunar á lífríki sjávar við Ísland. Ferillinn er sá að Viðauki VI er fyrst innleiddur en hann leyfir í dag 3,5 prósent brennistein þ.e. svartolíu eins og hann er í dag. Um leið og hann hefur verið innleiddur er hægt að taka næsta skref, sem er að fá umhverfislögsögu Íslands (200 mílur) samþykktu sem ECA-svæði þar sem hæsta leyfilega magn brennisteins í eldsneyti er 0,1% (það sama og er leyfilegt í höfnum). Þetta þýðir að einungis megi nota skipagassolíu (Marine Gas Oil) eða vístvánt eldsneyti á svæðinu,“ skrifar Gísli og áreftar að verið sé að vinna gegn súrnun sjávar og að efnaúrgangur frá óhreinum eldsneytisbruna fari í hafið – sem er risavaxið hagsmunamál fyrir Ísland.

„Lítill almenn umræða hefur átt



Háspennutengingum þarf að koma upp í stærstu höfnum sem taka á móti skemmtiferðaskipum – ríkið þarf að koma að slíku verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sér stað um aðkomu Íslands að regluverki viðaukans sem myndi takmarka verulega eða banna notkun á svartolíu sem eldsneyti á skip, en áskilja að nota hreinna eldsneyti,“ bætir Gísli við.

Minnisblaðið hefur verið sent Sigrúnu Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, með fullum stuðningi stjórnar Faxaflóahafna. svavar@frettabladid.is

Auðvelt að uppfylla ströng skilyrði?

- Eimskip og Samskip uppfylla Viðauka VI við Marpol-samninginn, enda sigla skip félaganna innan ECA-svæða í Norður Evrópu að stórum hluta – en brenna svartolíu utan þeirra.
- Sama gildir um stór skemmtiferðaskip sem sigla frá Ameríku og Evrópu.
- Íslenski fiskiskipafloinn brennir að mestu léttari skipaolíu (Marine diesel oil) þó einhver skip brenni svartolíu enn þá.
- Með endurnýjun skipafloans er mjög horft til að skipin brenni eldsneyti sem uppfyllir Viðauka VI – t.d. á það við um öll nýjustu skip HB Granda.

Útganga úr ESB efnahagslegt stórslys


BRETLAND Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, segir að gangi Bretland úr Evrópusambandinu (ESB) muni skapast meiriháttar efnahagsleg vandamál í kjölfarið í landinu.

„Ef við kjósum að ganga úr sambandinu munum við finna fyrir efnahagslegum áhrifum þess án tafar og áralangri óvissu,“ sagði Blair.

Blair segir að áhrifin muni sjást beint á atvinnu fólksins í landinu og lífskjörum. Í skoðanakönnun sem gerð var fyrir The Observer meðal hagfræðinga kom fram að 88 prósent þeirra sem svöruðu telja að kjósi Bretar að ganga úr ESB muni það hafa skaðleg áhrif á efnahag landsins.

Hagfræðingarnir svöruðu því að mikil óvissa gæti skapast innan hagkerfisins sem myndi leiða til minnkandi fjárfestinga.

Kosið verður um áframhaldandi aðild Bretlands að ESB þann 23. júní næstkomandi. - þv



Samkvæmt nýlegri skoðanakönnun er meirihluti Breta andvígur því að ganga úr ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Útsala

50-70% afsláttur

Útsala á erlendum bókum og völdum kaupfélagsvörum út maí í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi.

bóksala stúdenta

Háskólatorgi www.boksala.is s. 5 700 777
www.facebook.com/boksala



Way of Life!

HVERT VILTU FARA, HVAÐ VILTU GERA? SUZUKI S-CROSS, TIL Í ALLT!

VERÐ FRÁ KR.
4.240.000



S-CROSS fjórhjóladrifinn snillingur
með ríkulegan staðalbúnað.
Meðaleyðsla er aðeins 5,7 l/100km sjálfskiptur.
.....

ALLGRIP

4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokk.
Komdu og prófaðu. Þú kemst alla leið!
.....

KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN!



Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stefna að lögleiðingu líknardraps

KANADA Ríkisstjórn Justins Trudeau, forsætisráðherra Kanada, kynnti í apríl frumvarp sem gerir það löglegt að svipta sig lífi með hjálp lækna. Frumvarpið liggur nú fyrir kanadíska þinginu.

Samkvæmt frumvarpinu verður fólki með ólæknanlega sjúkdóma eða varanlega fötlun gert kleift að binda enda á líf sitt með aðstoð lækna, kjósi það svo.

Í júní í fyrra féll dómur í hæstarétti Kanada þar sem bann við líknardrápi var talið brjóta gegn stjórnarskrárvörðum réttindum einstaklinga. Dómstóllinn gaf þinginu frest til 6. júní í ár til að breyta löggjöfinni. Að öðrum kosti gæti fólk með alvarlega og ólæknanlega sjúkdóma farið fram á líknardráp.

Ekki ríkir einhugur um málið en frumvarpið verður að hljóta samþykki á báðum stigum þingsins til að ná fram að ganga. – þv

Ársæll skipaður í embætti skólameistara

STJÓRNSÝSLA Ólöf Nordal innanríkisráðherra hefur skipað Ársæl Guðmundsson í embætti skólameistara Borgarholtskóla frá 1. júlí.

Ingi Bogi Bogason, aðstoðarskólameistari og starfandi skólameistari, sendi starfsmönnum skólans tilkynningu um þetta í gær.

Tíu sóttu um stöðuna og var upphaflega gert ráð fyrir að Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, myndi skipa í hana frá 1. apríl.

Ársæll hefur starfað undanfarið sem verkefnastjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og vegna tengsla hans við ráðuneytið var ákveðið að innanríkisráðherra skipaði í stöðuna. – jhh

Stefnir í 60 prósentu fækkun kennara á næstu áratugum

Ef ekkert verður að gert mun kennurum fækka svo mjög á næstu áratugum að það jaðri við hættuástand.

SKÓLAMÁL Ef ekkert verður að gert mun grunnskólakennurum fækka verulega á næstu árum og mikill skortur á grunnskólakennurum er líklegur eftir fimmtán ár. Eftir þrjátíu ár hefur fjöldi réttindakennara helmingast frá því sem nú er.

Þetta kemur fram í niðurstöðum Helga Eiríks Helgasonar meistara-nema og Stefáns Hrafn Jónssonar, prófessors við Háskóla Íslands. Þeir kynntu frumniðurstöður á ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði á Akureyri nú fyrir skömmu.

Rannsóknin fjallar um samsetningu grunnskólakennara á Íslandi og var skoðað hvernig þróun stéttarinnar verði á næstu árum og áratugum.

Kemur þar fram að árið 2031 verði grunnskólakennarar líklega 6.880 og árið 2051 verði þeir aðeins 3.689. „Það þarf að taka þessar vísendingar mjög alvarlega. Með réttum aðgerðum má minnka verulega líkur á því að alvarlegur kennaraskortur verði í framtíðinni,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

Samkvæmt Hagstofu Íslands var árið 2011 alls 4.531 starfandi í grunnskólum landsins með kennsluréttindi. Á sama tíma voru 9.327 Íslendingar með réttindi sem grunnskólakennarar. Samband íslenskra sveitarfélaga áætla að eftirspurn eftir grunnskólakennurum aukist um tíund á næstu tuttugu árum.

„Í ljósi þess að um helmingur grunnskólakennara starfar við grunnskólakennslu má leiða að því líkur að strax árið 2031 verði orðinn mikill skortur á réttindakennurum fyrir grunnskóla að öðru óbreyttu,“ segir Stefán Hrafn.

Árið 2012 tóku gildi ný lög um kennslu í grunnskóla. Til að fá leyfisbréf sem grunnskólakennari þarf fólk að klára fimm ára háskólanám í stað þriggja ára áður. Veruleg fækkun varð á fjölda útskrifaðra í kjölfarið. Árið 2015 útskrifuðust 87 einstaklingar með háskólapróf og leyfisbréf sem grunnskólakennari. „Fátt ef nokkuð bendir til að fjöldi útskrifaðra kennara komi til með að aukast á næstu árum,“ segir Stefán Hrafn.

Ólafur segir ekki duga að ræða um stöðu kennara, nú þurfi stjórn-málamenn að láta verkin tala. „Kennarastarfið þarf að verða álit-legra en það er í dag. Það gerum við með því að laga starfsaðstæður kennara og stórbæta laun. Þegar



Grunnskólakennurum gæti fækkað stórlega verði ekkert að gert. Hér má sjá bekkjarkennara taka á móti nemendum sínum í þriðja bekk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

9.327

voru kennarar árið 2011

borin eru saman þau störf sem krefjast háskólamenntunar eru kennarar á þó nokkuð lægri launum en sambærilegar stéttir,“ segir Ólafur.

„Þetta er þótt stjórn-málamenn og aðrir tali um það á háttíðarstundum að við þessu verði að bregðast. Þetta eru orðin tóm og enn þá hefur enginn flokkur eða stjórn-málaafli sett menntun barnanna okkar í forgang. Það er löngu tímabært að hætta að tala um þetta í finum ræðum og koma þessu í framkvæmd.“sveinn@frettabladid.is

6.880

verða kennarar árið 2031

Enn þá hefur enginn flokkur eða stjórn-málaafli sett menntun barnanna okkar í forgang. Það er löngu tímabært að hætta að tala um þetta í finum ræðum og koma þessu í framkvæmd.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara



3.689

verða kennarar árið 2051

Má leiða að því líkur að strax árið 2031 verði orðinn mikill skortur á réttindakennurum fyrir grunnskóla.

Stefán Hrafn Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands



Sjö hundruða saknað í Miðjarðarhafi

FLÓTTAMENN Yfir þrettán þúsund flóttamönnum hefur verið bjargað úr bátum á Miðjarðarhafinu í síðastliðinni viku.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sagði frá því í gær að minnst sjö hundruð væri saknað í Miðjarðarhafinu. Um er að ræða fólk sem var á þremur skipum sem fórust á leið frá Líbíu til Ítalíu á síðustu dögum.

Fjöldinn allur af flóttamönnum freistar þess að ferðast sjóleiðina frá Afríku til Evrópu og eru bátarnir oftast ekki yfirfullir og ekki traustir.

Hlýnandi veður á svæðinu er talið orsaka mikla fjölgun þeirra flóttamanna sem ferðast yfir hafid.

Hátt í tvö hundruð þúsund flóttamenn hafa komið til Evrópu frá Afríku og Mið-Austurlöndum það sem af er árinu. – þv

Hlýnandi veður er talið orsaka mikla fjölgun flóttamanna sem ferðast yfir hafid.



Frá kr. **9.900**
Aðra leið m/sköttum og tösku

ALICANTE

Flugsæti

Netverð á mann frá kr. 9.900 aðra leið m/sköttum og tösku.

SAMSUNG

SAMSUNGSETRID.IS

Fögnum íþróttasumrinu með nýrri ángerð, 2016-17



65" Samsung KS9005T

SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV



55" Samsung KS8005T

SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV



ULTRA HD PREMIUM

Þetta merki er eingöngu notað fyrir vörur sem uppfylla efri mæligildi mynd- og hljóðgæða. Hátt dynamic svið (HDR), hámarks styrkleiki ljóss, svarti liturinn og breið litapalletta er þess á meðal. Einnig er merkið staðfesting á betri hljómgæðum. Framfarir í upplausn, skerpu, birtu, lit og hljóði hafa verið hraðar, en með þessu merki ættu flestir að sjá hvar mestu gæðin eru.



55" Samsung KS7005

SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800 • ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 • SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------	--

Föðurbetrungar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Nýstúdentarnir með hvíta kolla og sólskinsbros streyma út úr skólum landsins þessa dagana og það er svo sannarlega ástæða til þess að óska þeim öllum til hamingju með áfangann. Til hamingju með stúdentsprófið og tímamótin sem í því felast að vera þjóðfélagsþegar sem geta hafið háskólanám eða annað sambærilegt framhaldsnám, fá að kjósa forseta lýðveldisins, kjósa sína fulltrúa til Alþingis Íslendinga og mega meira að segja kaupa sér bjór og annað afengi þegar tvitugsaldrinum er náð. Þeim sem mest liggur á er meira að segja heimilt að skella sér í hjónaband, hlaða niður börnum, kaupa sér íbúð og stofna til skulda við íslenska bankakerfið allt að því inn í eilífðina. Allt eru þetta misstórir og mismikilvægir áfangar í lífi hvers og eins en engu að síður allir umhugsunarverðir.

Þessi unga kynslóð hugsar sig örugglega vel um. Það virðist hún nefnilega hafa gert til þessa og það er í rauninni alveg stórmerkilegt í ljósi hegðunar og háttá margra eldri kynslóða og er þá einkum vísað til þeirra sem hafa farið með völd og forráð í íslensku samfélagi á liðnum árum og jafnvel áratugum. Ef við til að mynda látum á það reyna að líta í kringum okkur með þeirra augum þá er í raun svo ótalmargt sem betur mætti fara og er okkur sannast sagna til litils sóma.

Skóðum stöðuna: Stjórnarmál á Íslandi virðast óþægilega oft snúast um völd einstaklinga og hagsmunahópa fremur en heildarhag og hagsmuni þjóðarinnar. Um tíundi hluti þjóðarinnar á í sífellu stærri hlut af eignum og verðmætum sem skapast á landinu og gætu verið til skiptanna. Að eignast íbúð fyrir unga Íslendinga hefur ekki verið erfiðari hjalli á lífsleiðinni svo áratugum skiptir. Langt nám felur í sér gegndarlausu skuldsetningu til áratuga. Barneignir eru afleitir kostur fjárhagslega. Ómetanlegum náttúrverðmætum er stefnt í vöðva fyrir skammtímagróða. Ný og endurbætt stjórnarskrá virðist vera fjarlægur draumur og þannig mætti áfram telja.

En af einhverjum sökum virðast sumir halda að þetta unga fólk þurfi óskaplega á að halda reynslu og forræði þeirra sem eldri eru. Að hér fari allt í kalda-kol ef ekki eru til staðar gamlir karlar til þess að fara hér með tögl og haldir. Það er hæpið. Það sem þessi kynslóð þarf á að halda er að skoða samfélagið sem við eldri kynslóðirnar höfum skapað og taka svo þá ákvörðun að gera betur. Miklu betur.

Og ef við sem eldri erum gerum slíkt hið sama og horfum til þess hvað þessi kynslóð nýstúdentanna er að gera og hefur þegar gert, þá gæti dregið til tíðinda. Hjá þeim er neysla afengis og tóbaks langtum minni en áður var. Þau stunda íþróttir og heilsurækt. Leggia stund á listir og menningu svo eftir er tekið. Þau berjast fyrir jafnrétti kynjanna, taka afstöðu gegn einelti, hafna fordómum og hafa trú á bættum heimi og betra lífi. Þetta eru egg sem kenna hænum á hverjum degi. Þetta er kynslóð föðurbetrunga sem okkur ber að læra af og hlusta á strax í dag. Megi þau lengi lifa!



Það sem þessi kynslóð þarf á að halda er að skoða samfélagið sem við eldri kynslóðirnar höfum skapað og taka svo þá ákvörðun að gera betur.

SÉRHÆFUM OKKUR Í ÞRIFUM FYRIR HÚSFÉLÖG

VÖNDUÐ VINNUBRÖGD

Húsfélagþjónustan ehf.
Sími 555-6855
www.husfelag.is • husfelag@husfelag.is

Halldór



Frá degi til dags

Fortíðardraugar

„Davíð, hefur þú enga sóma-kennd?“ spurði Guðni Th. Jóhannesson Davíð Oddsson í kappræðum á Stöð 2 á sunnudag. Áhorfendur tóku andköf þegar spurningunni var varpað fram. Davíð mætti til leiks vopnaður ummælum Guðna í viðtölum og greinum í gegnum árin. Hann sótti að Guðna vegna meintrar afstöðu hans varðandi Icesave. Því næst sagði hann Guðna vilja kollvarpa stjórnarskránni en þá sauð upp úr. Guðni skaut létt á Davíð í vörn sinni og lenti ekki í vandræðum við að útskýra mál sitt. Það hafa hins vegar fáir menn á Íslandi fleiri fortíðardrauga þegar kemur að stjórnmálum en Davíð Oddsson en Guðni reyndi lítið að vekja þá upp. Líklega er það taktík sigurvegara, frekar en að minni sé að bregðast sagnfræðingnum. Þegar staðan er 4-1 í kappleik rennir sá sem hefur forskotið sér ekki í tveggja fóta tæklingu.

Öðruvísi stemning

Halla Tómasdóttir og Andri Snær Magnason mættust einnig í kappræðum á Stöð 2 í gær en stemningin var gerólik því sem var hjá Davíð og Guðna. Frambjóðendurnir voru hressir og samstiga í málflutningi sínum. Andri var spurður hvort málefni hans ættu ekki betur heima á þingi en á Bessastöðum en þá benti hann á það sem rétt er, að jafnrétti hefur verið í lög leitt en ekki skilað sér út í samfélagið. Verðugt verkefni fyrir forseta. snaeros@frettabladid.is

Steypan stenst



Lýður Árnason
læknir og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar



Þórður Már Jónsson
héraðsdómsslögmaður



Skorum hér með á Seðlabankann að upplýsa hvernig þessu er háttað.

Þorbjörn Þórðarson fréttamaður skrifaði grein í Fréttablaðið þann 19. maí undir heitinu „Steypa leiðrétt“.

Greinin er skrifuð til höfuðs grein undirritaðra frá 20. apríl síðastliðnum sem heitir „Hin stóra fletta hrægammastjórnarinnar“. Þorbjörn heldur því fram, að fullryðingar greinarhöfunda um að Íslendingar hafi keypt kröfur í slitabú föllnu bankanna á eftirmarkaði og notað til þess fé úr skattaskjólum séu rangar. Þorbjörn segir að kröfuskrár fyrir alla bankana liggja fyrir og að samkvæmt ítarlegri greiningu Seðlabankans séu útlendingar raunverulegir eigendur um 95% allra krafna í slitabúinu. Þetta segir Þorbjörn vera staðreynd en allt annað sé steypa.

Staðreyndin er sú að Seðlabankinn telur að 95% af kröfuhöfum bankanna séu erlendir aðilar og 5% innlendir. Bankinn hefur upplýst að mögulegt sé að innlendir aðilar séu í einhverjum mæli á bak við erlendu aðilana en það sé þó ekki þekkt. En hvaða huldumenn standa svo að baki þessum erlendu aðilum? Samkvæmt reglum Alþjóðagjaldryssisjóðsins, sem bankinn fylgir, ræður skráð heimilisfang þjóðerni hvers félags. Því má spyrja: Telst Wintris erlent eða íslenskt félag skv. skilgreiningu Seðlabankans? Sé svarið erlent er augljóst að stór hluti kröfuhafa er íslenskur. Ef ekki hins vegar er kominn upp grafalvarleg staða því þá hefur Seðlabankinn legið á sömu upplýsingum og Panama-skjölín hafa nú afhjúpað. Skorum hér með á Seðlabankann að upplýsa hvernig þessu er háttað.

Nöfn um 600 Íslendinga koma fyrir í Panama-skjölunum einum og ljóst að hundruð ef ekki þúsundir félaga í skattaskjólum eru í eigu Íslendinga. Samkvæmt mati Þorbjarnar hafa þeir allir tilkynnt Seðlabankanum í heidarleika sínum hverjir þeir eru. Trúi því hver sem vill.

Í grein sinni klykkir Þorbjörn út með því að segja að það sé ábyrgðarhluti að kynna rugl sem staðreyndir. Enn fremur gerir hann þá kröfu til menntaðs fólks að það kynni sér málin áður en það ryðst fram á ritvöllinn. Varðandi ábyrgðina hefði nú verið gott ef forsetinn og Hrunráðherra allir hefðu lagt saman tvo og tvo og varað þjóðina við ÁÐUR en steypa harðnaði en ekki loka augunum fyrir hinu augljósa uns allt varð um seinan. Varðandi kröfu Þorbjarnar um menntun og kynningu erum við henni sammála og teljum jafnvel að hún ætti að gilda fyrir ómenntaða líka, hverjir svo sem það eru.

Af-lands-plánun

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

Geðnum aldirnar hafa hetjurnar í sögunum okkar ekki verið goðar og sýslumenn, prestar eða lögmenn heldur útilegumenn. Grettir sem var gæfusnauður þrátt fyrir gjörvileik, drenglyndur ofstopamaður, skáldmælt tröll. Og Fjalla-Eyvindur sem stal osti frá förukonu sem lagði á hann að hann myndi aldrei óstelandi vera en mildaði álögin með því að hann kæmist aldrei undir manna hendur lengi í einu; og komst á handahlaupum undan fráustu hestum; hann var geðþrýðismaður, glæsmenni og þjófur og við elskum hann því að hann var konungur öræfanna; hann var frjáls.

Þetta eru okkar menn. Við erum þjóð sem borgum iðnaðarmönnum svart og gefum aldrei undir nokkrum kringumstæðum stefnuljós, bara af því að maður fer ekki eftir reglum.



Við erum þjóð sem borgum iðnaðarmönnum svart og gefum aldrei undir nokkrum kringumstæðum stefnuljós, bara af því að maður fer ekki eftir reglum.

Þyrlufanginn

Við segjum sögur af afbrotamönnum okkar, dæmst að þeim og öfundum í aðra röndina af frelsi og sersmiðuðu síðakerfi; séu þetta heidarlegir og skemmtilegir þjófar og samkvæmir sjálfum sér.

Það er þess vegna nokkuð vel af sér vikið hjá þeim útrásarvíkingum sem tekist hefur að koma lögum yfir, að hafa hagað málum sínum svo að þeir eru enn óvinsælustu menn landsins – þótt þeir séu allir með „talsmann“. Hver er munurinn á Ólafi Ólafssyni og Fjalla-Eyvindi? Til dæmis sá að fara um á handahlaupum og þyrlu.

Á dögnum spurðist sem sagt til Ólafs Ólafssonar í skemmtiflugu í þyrlunni sinni – hann á að heita í fangelsi og hann fékk afskrifaða 64 milljarða

af skuldum sínum því hann væri ekki borgunarmaður fyrir lánnum sínum. En fer sem sagt um á þyrlu.

Hvað eigum við eiginlega að gera við þessa útrásarvíkinga? Skikka þá til að vinna kauplaust í tvö ár fyrir mæðrastyrksnefnd? Senda þá á sjóinn? Láta þá dúsa í Drangey? Er engin leið til að koma þeim í skilning um að þeir eru í fangelsi og Páll Winkel er ekki hyskinn húskarl að svíkjast um að skaffa kaviarinn heldur fangavörðurinn þeirra?

„Allt annar Óli“

Fangelsisvist er útleigdardómur. Dómstólar kveða upp úrskurði um sekt eða sýknu og dæma seka til fangelsisvistar. Þegar komið er inn í fangelsi stígur viðkomandi út úr samfélaginu og inn í félagslegt tómarúm. Það er eflaust þungbær reynsla en getur líka verið mikilvægur tími til uppbyggingar sálar og líkama; maður hlýtur að hugsa sitt ráð. Þess er vænst að fangar átti sig á villu síns vegar, geri yfirbót fyrir brot sín, komi út í samfélagið aftur sem nýjar manneskjur með sömu möguleika og aðrir þegar til að láta til sín taka og gott af sér leiða.

Dómur er fallinn. Og við sem álangdar stöndum dæmum ekki þegar í fangelsi er komið. Það er ekki í okkar verkahring. Viðkomandi greiðir skuld sína við samfélagið innan fangelsismúranna, er ekki lengur í augnsýn okkar, ekki lengur hluti af okkur. Við erum svo sem ekki öll líkleg til fjár-glæpa eða annarra refsiverðra afbrota – en syndlaus erum við heldur ekki, eins og við vitum, og almennt er það ekki til síðs að hreykja sér yfir brotamenn og fanga heldur hugsam við flest



hlýlega til þeirra og vonum að þeim auðnist að finna rétta braut í lífinu.

Sumum hrífumst við af – frá Gretti og til Lalla Johns. En það voru menn sem tóku afleiðingum gjörða sinna án þess að vikjast undan eða koma sök yfir á aðra; hefðu aldrei staðið í svo hlálegum vörnum eins og að tala um að það hafi verið „annar Lalli Johns“ sem gerði þetta ...

Því miður er engu líkara en að fangavist útrásarvíkinganna ætli að vera eins og viðskiptaferill þeirra; þar voru viðskiptin í aflandsfélögum og þess ævinlega gætt að koma aldrei fram undir réttu nafni en slóðin rækilega falin og viðskiptin eiginlega stunduð af nokkurs konar hliðarsjálfi, gervimanni, sem borgaði skuldarnar – eða öllu heldur borgaði ekki neitt og fór á hausinn og

gufaði þá upp. Eins virðist það með fangavistina; þeir eru í fangelsi en samt ekki: sjálfir bara uppi í sumarbústað (sem er í eigu gervimanns) í náðum, að monta sig í þyrlunni eða aka um á montbilum, fara í líkamsrækt eða nudd eða halda fundi og stunda viðskipti, skella sér á reiðnámskeið eða á tónleika með Elton John – eða hvað það nú er sem þessir menn gera – á meðan fangavistin er afplánuð á nokkurs konar aflandsfélagastigi. Engu líkara en að þeir hafi stofnað eignarhaldsfélag utan um fangavistina; og í fangelsinu einhver „allt annar Óli“.


Það er náttúrliga mjög þægilegt. En þeir geta ekki vænst þess að komast út úr hlutverki skúrksins í sögunni á meðan málum er svo háttað. Og það er erfitt hlutskipti til lengdar.



Hverfið mitt – Hugmyndasöfnun

Nú er tækifærið til að skila inn betri tillögum

Hvernig getur þitt hverfi orðið enn betra? Núna getur þú komið þinni hugmynd á framfæri, hvort sem hún er raunhæf eða ekki. Sendu inn tillögu á betrireykjavik.is fyrir 15. júní.



Bættur hagur heimilanna



Silja Dögg Gunnarsdóttir þingmaður Framsóknarflokksins

bólga hefur haldist lág. Almenn- ingur finnur áhrifin í auknum ráðstöfunartekjum samfara lækandi skuldum.

Lækkun skulda

Skuldir heimilanna hafa þannig lækkað mikið á síðustu árum og námu um 84% aflandsframleiðslu í lok síðasta árs, en þær urðu hæstar um 125% í árslok 2009. Veðsetning- arhlutfall heimilanna hefur einnig lækkað mikið á heildina lítið. Augljóst er að skuldalækkunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa tekist mjög vel og styrkt stöðu heimilanna í landinu eins og að var stefnt. Hagur heimilanna hefur sjaldan verið betri en nú, miðað við stöðu og þróun helstu hagvísu fyrir heimilin, að því er kemur fram í riti Seðlabankans, Fjármálastöðugleika 2016/1. Skuldir heimila og fyrirtækja lækkuðu heilt

yfir árið 2015 og í lok árs voru þær svipaðar og um aldamótin. Þetta er einstakur árangur.

Styrk fjármálastjórn

Fjármálastefna og fjármálaáætlun fyrir hið opinbera til fimm ára, sem lagðar voru fram á Alþingi 29. apríl, fela í sér að hægt verði á næstu árum að búa enn frekar í haginn fyrir komandi kynslóðir með því að greiða niður opinberar skuldir, draga úr alogum á fólk með lægri og sann- gjarnari sköttum, byggja upp samfélagslega innviði og treysta til muna grunnþjónustu ríkisins með hækkun bóta, eflingu heilbrigðiskerfisins og auknum gæðum menntunar. Vegna þessara umskipta verður unnt að auka svigrúm fyrir áherslumál á málavíð- um ráðuneytanna um 42 milljarða króna á tímabilinu, en 14 milljarðar renna til verkefna strax á árinu 2017.

Uppbygging heilbrigðiskerfisins

Það sem af er kjörtímabilinu hefur 40 milljörðum króna verið varið til heilbrigðismála, meðal annars með því að stórbæta kjör heilbrigðisstéttanna. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að framlög til heilbrigðismála verði aukin verulega á næstu árum þannig að þau verði orðin ríflega 30 milljörðum króna hærri árið 2021 og verði þar með orðin ríflega 200 milljarðar króna á ári. Það svarar til þess að framlögin verði aukin um 18% að raunvirði yfir tíma- bilið. Sú aukning er fyrir utan allar launahækkanir sem munu bætast við á tímabilinu auk annarra verðlagsbreytinga. Þá nema framlög til kaupa á tækjabúnaði fyrir LSH og FSA fimm milljörðum á árunum 2016-2021 og 2,5 milljörðum verð- ur varið til styttingar á biðlistum



Augljóst er að skuldalækkunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa tekist mjög vel og styrkt stöðu heimilanna í landinu eins og að var stefnt.

á sama tímabili. Nú hillir undir að frumvörp húsnæðismálaráð- herra, Eyglóar Harðardóttur, verði afgreidd á Alþingi og þar með verði lagður grunnur að nýju húsnæðis- kerfi, sem er vel. Okkur gengur vel á Íslandi í dag og því full ástæða til bjartsýni. Það er gott að fara með þær upplýsingar inn í samarið.

Afreksstefna íþróttafélaga á Íslandi



Þorvaldur Guðjónsson verkefnastjóri félagsauðs og frí- stunda Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness



Það eru því oft þeir sem þurfa mest á hreyfingu að halda til að sporna við aukinni kyrrsetu sem falla úr hópnunum því þeir hafa annað hvort ekki tíma til þess að æfa svo oft í viku eða hafa ekki hæfileikana til að „ná í liðið“.

Í gegnum árin virðist vera kominn samnefnari milli íþróttar og for- varna. Það kann að vera rétt í mörgum tilfellum en um hvers konar forvarnir er verið að ræða?

Forvarnir eru gríðarlega vött hug- tak. Það sem mörgum er efst í huga eru forvarnir gegn tóbaki og vímu- efnunum sem er vissulega mikilvægur þáttur í forvörnum. Það má hins vegar setja spurningarmerki við for- varnargildi íþróttar í þessum efnunum, einkum hvað varðar munntóbak. Að æfa handbolta eða fótbolta virðist vera aukinn áhættuþáttur í tóbaks- neyslu meðal ungra karlmanna frekar en að vinna gegn neyslunni.

Þáttur íþróttanna gagnvart öðrum áhættuþáttum forvarna er þó erfiðara að deila um. Má þar nefna kyrrsetu barna og unglunga. Kyrr- seta ungs fólks á Íslandi hefur aukist gríðarlega og má tengja aukna kyrr- setu beint við marga lífsstílsjúk- dóma s.s. offitu. Börn og unglingar sem æfa íþróttir eru líklegri til þess að hreyfa sig reglulega og koma í veg fyrir kyrrsetu sína. Til þess að vinna markvisst gegn kyrrsetu og afleiðing- um hennar er mikilvægt að stuðla að því að börn temji sér hreyfingu sem hluta af lífsstíl sínum, ekki bara í keppnistilgangi. Það þýðir að sjálf- sögðu ekki að við viljum ekki afreks- fólk, heldur þurfum við bæði að hlúa að afreksfólkinu okkar og styðja við þau ásamt því að koma til móts við þann hóp barna og unglunga sem vilja hreyfa sig til heilsuefingar og ánægju.

Á unglingsárunum skapast sá vandi að brottfallið úr íþróttar- iðkun verður hvað mest. Ástæður þess geta verið margvíslegar, t.d. má nefna auknið álag í skóla, öðrum tómt- undum og auknið álag í þeirri íþrótt sem unglungurinn er að æfa. Það vilja nefnilega ekki allir æfa íþróttir til þess að verða heimsmeistarar. Margir vilja hreinlega fá tækifæri til þess að hreyfa sig og iðka íþrótt sem þeir hafa gaman af í góðra vina hópi. Afreksstefnur íþróttafélaga á Íslandi kunna því að vera að ýta frá sér iðk- endum í stað þess að koma til móts

við þarfir einstaklinganna sem vilja iðka íþrótt sér til heilsuefingar og gamans frekar en að keppa til verð- launa.

Mæta oft miklu mótlæti

Það eru því oft þeir sem þurfa mest á hreyfingu að halda til að sporna við aukinni kyrrsetu sem falla úr hópnunum því þeir hafa annað hvort ekki tíma til þess að æfa svo oft í viku eða hafa ekki hæfileikana til að „ná í liðið“. Þeir sem annað hvort sjá sér ekki fært um að mæta eins oft á æfingar í viku og íþróttafélagið legg- ur upp með, eða vilja frekar mæta á færri æfingar, mæta oft miklu mótlæti þar sem slíkar áherslur í æfing- um eru oft á tíðum litnar hornauga af íþróttafélögum.

Þeir unglingar sem flosna upp úr íþróttaiðkun vegna álags eiga oft erfitt með að finna vettvang til þess að iðka þá íþrótt sem þau vilja af því kappi sem þau kjósa sjálf. Svokallaður „bumbubolti“ er þekkt hugtak þar sem fólk hittist reglulega til þess að spila fótbolta. Auk þess eru áhugamannadeildir í mörgum íþróttum, s.s. utandeild í handbolta og fótbolta þar sem meiri áhersla er á skemmtun en árangur. Sá vettvangur hefur skapast af þörfinni til þess að hreyfa sig og iðka áhugamál sitt á þeim hraða og af þeirri ákefð sem hentar iðkandanum. Vandinn er að þessi vettvangur virðist ekki opnast iðkendum fyrr en þeir eru komnir um eða yfir tuttugu ára aldur.

Þess vegna má velta upp spurn- ingunni hversu langt forvarnargildi íþróttanna gegn kyrrsetu nær, hversu miklu þúðri íþróttafélögin eigi að eyða í að sinna þessu forvarnarstarfi og síðast en ekki sist hvort það fjár- magn sem íþróttafélög fá frá ríki og sveitarfélögum eigi að vera bundið kvöðum um markvissari áætlanir í forvarnarstarfi á þeim sviðum sem búið er að nefna hér í greininni.

Hvert skal leita í veikindum



Helga María Guðmundsdóttir hjúkrunarfræð- ingur

Þegar almenn veikindi eða slys koma upp, þá er það ekki ein- ungis sjúkdómsástndið eða áverkinn sem er vandamálið, heldur vaknar upp spurningin um hvert á að leita. Heilbrigðiskerfið okkar hefur verið mikið í umræðunni upp á síðkastið en ekki eru allir sem vita hvert skal fara þegar brestir verða á heilsunni.

Ef veikindi hafa átt sér stað í nokkra daga jafnvel vikur og ein- kenni fara versnandi er ráðlagt að leita til heilsugæslu. Í raun má hugsa það þannig að ef heimsókn til heil- brigðisþjónustu má biða til næsta dags skal leita til heilsugæslu. Það er jafnframt ódýrasta leiðin til að komast undir læknishendur. Þar er almennt komugjald 1.200 kr, en einnig er opin síðdegisvakt eftir kl. 16 þar sem fólk mætir án tímabók- unar og er komugjaldið þá 3.100 kr. Á heilsugæslum er einnig í boði hjúkrunarvakt og er öllum sinnt sem mæta.

Ef heilsuþrestir krefjast sérfræði-

þekkingar, getur heilsugæslulæknir gefið tilvísun á sérfræðilæknaþjón- ustu. Einnig er hægt að hafa beint samband á stofu sérfræðilækna og panta tíma. Sem dæmi má nefna húðlækna, ef útbrot hafa átt sér stað í langan tíma eða fara versnandi má hringja beint á stofu húðlæknis og panta tíma. Þar er þjónustan sér- hæfðari en yfirleitt dýrari. Komu- gjald hjá sérfræðilækni er almennt 5.700 kr. en það er misjafnt eftir lækniþjónustu. Upplýsingar um verðskrá má finna á vefsíðum við- komandi lækniþjónustu eða með því má hringja á viðkomandi stofu. Bið eftir tíma hjá sérfræðilækni getur verið breytileg.

Ef veikindi koma upp um helgi, á frídögum eða eftir að heilsugæslu lokar er Læknavaktin næsti áfanga- staður. Hún er opin frá kl 17 – 23:30 á virkum dögum og almennt milli 9 – 23:30 á frídögum og um helgar. Þar kostar koman almennt 3.100 kr. Einnig er hægt að biðja um vitjun lækni frá heilsugæslu eða Lækna- vakt en það kostar 3.400 kr. á dag- vinnutíma en 4.500 kr. eftir kl. 16 á vikrum dögum og um helgar.

Ef um brád og alvarleg veikindi eða slys er um að ræða, á að leita til slysa- og bráðamóttökunnar. Þar er almennt komugjald er 6.200 kr. en endurkomugjald er 3.400 kr. Tekið skal fram að aðeins er verið að benda á verðskrá komugjalds. Greitt er



Ef veikindi koma upp um helgi, á frídögum eða eftir að heilsugæslu lokar er Læknavaktin næsti áfangastaður.

aukalega fyrir þær rannsóknir sem framkvæmdar eru. Sem dæmi þarf að greiða fyrir hvert sýni sem sent er til rannsóknar á rannsóknarstofu, en almennt gjald er 2.500 kr. Einnig er einungis verið að benda á verð sjúkra- tryggðra einstaklinga 18 – 66 ára, börn og eldri borgarar greiða minna fyrir þjónustu en ósjúkratryggðir borga hærri gjald sem fer eftir reglu- gerð um heilbrigðisþjónustu sem vel- ferðaráráðuneytið gefur út.

Þegar sjúkratryggðir einstakling- ur á aldrinum 18 – 66 ára hefur greitt 35.200 kr á sama almanaksári vegna komu á heilsugæslu eða til heim- ilislæknis, vitjana lækna eða komu á slysa- og bráðamóttöku á hann rétt á afsláttarskirteini sem Sjúkratrygg- ingar Íslands afhenda.

Heimildir

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1088-2014>
<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/efrir-raduneytum/velferdarraduneyti/nr/19907>

Dýr í neyð



Linda Karen Gunnarsdóttir stjórnarmaður í stjórn Dýra- verndarsambands Íslands

Kettir eru vinsæl selskapsdýr og sem samfélag viljum við að vel sé búið að köttum, jafnt sem öðrum dýrum. Um allt land er hins vegar vandamál sem tengist velferð og velliðan katta sem verður að takast á við af ábyrgð, en margir kettir hér á landi veslast upp úr hungri og vösbúð, allt frá kettlingum upp í fullorðna ketti. Þetta eru hinir svokölluðu villikettir sem allir eiga rætur að rekja til heimiliskatta sem hafa týnst eða hrakist frá heimilum sínum. Mikið er einnig um ver- gangsketti sem hafa týnst frá heim- ilum sínum og rata ekki heim. Villi- og vergangskettir eiga oft ómurlega ævi þar sem þeir lifa við hörð skil- yrdi, bæði í borg og sveit.

Að gefa þessum köttum föður er þeim verðmæt aðstoð en þeir halda yfirleitt til á ákveðnum stöðum þar sem þeir hafa fundið skjól. Í raun

ætti að vera jafn sjálfsagt að gefa villiköttum og að gefa fuglum, ekki sist á veturna. Félög eins og Villikettir, Óskasjóður Púkarófu, Villikattahjálpar Hafnarfjarðar og Kisukot á Akureyri hafa verið að halda úti starfsemi þar sem þess- um dýrum er gefið og skjól útbúið fyrir þau þar sem þau halda til til að létta þeim tilveruna. Dýrin eru einnig fönguð og þau gelt til dæmis á vegum Villikatta og Kisukots, enda léttir það þeim lífsbárattuna að þurfa ekki að hlýða hvöt um að fjölga sér, en margar villilæður hafa þjáðst af slæmum legbólum vegna siendurtekinna gota.

Fullorðnum dýrum er yfirleitt sleppt aftur en kettlingum er fundið heimili, enda erfitt að aðlaga fullorðinn kött. Veikum dýrum er komið undir læknishendur. Með þessum hætti er hlúð að dýrunum, þeim gefið föður og komið í veg fyrir að þeim fjölgi þar sem þau halda til.

Styrkur í þágu dýra

Verði maður var við veikan, illa haldinn eða slasaðan kött ber að koma honum til hjálpar samkvæmt lögum um velferð dýra. Hægt er að leita til Kattavinafélags Íslands sem



Verði maður var við veikan, illa haldinn eða slasaðan kött ber að koma honum til hjálpar samkvæmt lögum um velferð dýra.

heldur úti sjúkrasjóðnum Nött sem ætlaður er til að kosta lækni- aðgerðir og hjúkrun á ómerkum slösu- dnum kikum sem enginn vill kann- ast við. Vil ég hvetja sem flesta til að styrkja sjóðinn í þágu þessara dýra.

Sveitarfélög bera lögum sam- kvæmt ábyrgð á hálfvilltum dýrum eins og ómerkum köttum, en óvissara er um að leitað sé lækni- hjálpar eða nýs heimilis fyrir þá á vegum hins opinbera, sem ber ein- ungis skylda til að halda þeim á lifi í tvo daga og ekki skylda til að aug- lýsa þá ef þeir eru ómerktir. Óflugt félagsstarf er þessum köttum því til mikillar gæfu.

Veturinn er villi- og vergangsköttum afar erfiður. Vil ég hvetja sem flesta að gefa þessum köttum gaum og taka þátt í eða styðja við þá starfsemi sem liðsinnir þessum dýrum í neyð.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



„Það er engin
liðsheild nema hver
og einn taki ábyrgð.“



Velkomin á EM. Við erum stolt af stuðningi okkar við KSÍ og íslensku knattspyrnulandsliðin. Árangur íslenska karlalandsliðsins sýnir að það er fátt ómögulegt. Við óskum strákunum góðs gengis í Frakklandi. Áfram Ísland!

[Kynntu þér meira um Lars og fótboltann á landsbankinn.is/em2016](http://landsbankinn.is/em2016)



Lars Lagerbäck
landsliðshjálfari





30 prósent EM-hóps „nýliðar“

Ísland mætir með marga á EM í Frakklandi sem hafa ekki enn komið við sögu í landsleik sem skiptir máli. Fréttablaðið skoðað hvaða þjálfarar gáfu landsliðsmönnum fyrsta tækifærið með landsliðinu.

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið sem er á leiðinni á EM í Frakklandi hefur verið í mótun í mörg ár og margir leikmannanna hafa óðlast mikla landsleikjareynslu þótt þeir mæti nú á stóra sviðið svolítið blautir á bak við eyrun.

Árangurslaus og áhugalaus ár landsliðsins fyrir nokkrum árum eru kannski í dag eins og fjarlæg martröð eftir ávintýrlegan árangur strákanna okkar síðustu ár, en þau skipta samt liðið í dag máli.

Liðið var vissulega í miklum vandræðum undir stjórn Ólafs Jóhannessonar en hans verður þó alltaf minnst sem landsliðsþjálfarinn sem gaf flestum úr gullkynslóðinni sín fyrstu kynni af því að spila fyrir A-landsliðið.

Heimir Hallgrímsson, annar þjálfari íslenska landsliðsins, sá líka ástæðu til þess að þakka þeim Ólafi Jóhannessyni og Pétri Pétursyni fyrir að gefa mörgum af þessum strákum sem eru nú á leiðinni á Evrópumótið sína frumraun með landsliðinu.

Sjö af ellefu sem byrjuðu á móti Hollandi

Átta úr EM-hópnum léku sinn fyrsta A-landsleik fyrir Ólaf og sjö þeirra spiluðu sinn fyrsta leik í keppni í þjálfaratíð hans. Það er ekki þó bara fjöldinn sem skiptir hér máli heldur hverjir þetta eru. Af ellefu byrjunarliðsmönnum í sigrinum eftirminni-



lega á móti Hollandi í Amsterdam í september í fyrra spiluðu sjö þeirra fyrsta leikinn fyrir Ólaf en aðeins einn lék sinn fyrsta landsleik í tíð Lars og Heimis.

Landsliðið hefur náð frábærum árangri síðustu ár undir stjórn þeirra Lars og Heimis en liðið er samt sem áður í stöðugri þróun. Niu af leikmönnum léku sinn fyrsta landsleik eftir að þeir tóku við liðinu og sjö leikmannanna hafa aðeins spilað í vináttulandsleikjum. Þeir eru í raun enn þá nýliðar í landsliðinu því það er tvennt ólíkt að spila vináttuleik fyrir Ísland eða leik í undankeppni stórmóts.

Það að þrjátíu prósent EM-hópsins hafi ekki spilað leik sem skiptir máli er kannski há tala en þegar á hölminn er komið munu þeir Lars og Heimir örugglega veðja á þá stráka sem sáu til þess að Ísland fær að leika á stóra sviðinu í fyrsta sinn í næsta mánuði. Liðsheildin sem þeir hafa náð að mynda í kringum sína fastamenn er mögnuð og án vafa það sem hefur komið íslenska liðinu svona langt.

Fram undan eru vináttuleikir við Noreg og Liechtenstein í þessari viku og svo byrjar fjórði eftir aðeins fimmtán daga þegar Ísland tekur á móti Cristiano Ronaldo g félögum í í portúgalska landsliðinu. ooj@frettabladid.is

Hjá hverjum fengu EM-strákarnir fyrsta tækifærið


Fréttablaðið skoðar í dag hvaða þjálfarar gáfu EM-strákunum okkar fyrsta tækifærið hjá A-landsliðinu sem og fyrsta tækifærið í leik sem skipti máli.



Logi Ólafsson
'96 - '97



Guðjón Þórðarson
'97 - '99



Ásgeir Sigurvinsson & Logi Ólafsson
'03 - '05



Eyjólfur Sverrisson
'06 - '07



Ólafur Jóhannesson
'07 - '11



Lars Lagerbäck & Heimir Hallgrímsson
'12 - '16

Fyrsti landsleikur | Fyrsti landsleikur í keppni



Eður Smári Guðjohnsen
'96 ● ● ● '99



Kári Árnason
'05 ● ● ● '05



Emil Hallfreðsson
'05 ● ● ● '06



Birkir Már Sævarsson
'07 ● ● ● '07



Ragnar Sigurðsson
'07 ● ● ● '07



Theódór Elmar Bjarnason
'07 ● ● ● '07



Aron Einar Gunnarsson
'08 ● ● ● '08



Jóhann Berg Guðmundsson
'08 ● ● ● '09



Ari Freyr Skúlason
'09 ● ● ● '12*



Gylfi Þór Sigurðsson
'10 ● ● ● '10



Birkir Bjarnason
'10 ● ● ● '10



Kolbeinn Sigþórsson
'10 ● ● ● '10



Alfreð Finnbogason
'10 ● ● ● '11



Hannes Þór Halldórsson
'11 ● ● ● '11



Jón Daði Böðvarsson
'12* ● ● ● '14



Ögmundur Kristinsson
'14 ● ● ● '15

Sjö leikmenn hafa ekki aldrei spilað landsleik í móti



Rúnar Már Sigurjónsson
'12* ● |



Ingvar Jónsson
'14 ● |



Sverrir Ingi Ingason
'14 ● |



Hörður Björgvin Magnússon
'14 ● |



Arnór Ingvi Traustason
'15 ● |



Haukur Heiðar Hauksson
'15 ● |



Hjörtur Hermannsson
'16 ● |

* Þegar Lars Lagerbäck var einn aðalþjálfari.



11 dagar í EM 2016

Tíu þjóðir hafa verið nýliðar (eins og Ísland nú) á Evrópumótunum á síðustu tuttugu árum og aðeins einni þeirra tókst að komast upp úr sínum riðli. Króatar komust fyrst á EM sem sjálfstæð þjóð á EM í Englandi 1996 þar sem þeir urðu í öðru sæti í sínum riðli og töpuðu síðan fyrir verðandi Evrópumeisturum Þjóðverja í átta liða úrslitum. Búlgaría, Sviss, Tyrkland (1996), Noregur, Slóvenía (2000), Lettland (2004), Austurríki, Pólland (2008) og Úkraína (2012) sátu hins vegar öll eftir sínum riðli á þeirra fyrsta EM.



Pepsi-deild karla

Próttur - ÍBV 0-1
0-1 Mikkel Maigaard Jakobsen (56.).

Víkingur - ÍA 3-2
0-1 Jón Vilhelm Ákason (2.), 1-1 Vladimir Tufegdžic (4.), 1-2 Garðar Gunnlaugsson (5.), 2-2 Óttar Magnús Karlsson (55.), 3-2 Ívar Örn Jónsson (90+2).

KR - Valur 2-1
1-0 Óskar Örn Hauks. (35.), 2-0 Denis Fazlagic (48.), 2-1 Haukur Páll Sigurðsson (90+1).

	Efri hluti	Neðri hluti	
Stjarnan	11	Breiðablik	9
FH	10	Víkingur R.	8
ÍBV	10	Valur	7
Víkingur Ó.	10	ÍA	4
Fjölínir	9	Próttur	4
KR	9	Fylkir	1

JÓN ARNÓR SÝNDI GAMLA LIÐINU HVAÐ ÞEIR MISSTU
Jón Arnór Stefánson og félagar í Valencia komust í gær fyrstir liða í undanúrslitin á Spáni eftir öruggan 29 stiga sigur á hans gamla félagi, Unicaja Malaga, 88-59. Jón Arnór var með 12 stig og þrjár stoðsendingar á 19 mínútum í leiknum.

GULLHELGI HJÁ HRAFNHILDI
Hrafnhildur Lüthersdóttir, þrífaldur verðlaunahafi á Evrópumeistaramótinu í 50 metra laug á dögunum, vann þrjú gull á sterku alþjóðlegu móti í Noregi um helgina. Eygló Ósk Gústafsdóttir vann þrjú silfur og Bryndís Rún Hansen fékk eitt silfur.

BESTUR OG SEKÚNDUM FRÁ ÞVI AÐ VINNA GULL Í GÆR

Aron Pálmarsson og félagar í ungverska liðinu Veszprém þurftu að setta sig við grátlegt tap í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í gær. Veszprém var átta mörkum yfir þegar minna en 20 mínútur voru eftir en missti leikinn í framlengingu og tapaði svo í vítakeppni. Aron skoraði sex mörk í úrslitaleiknum og var kosinn besti leikmaður úrslitalegarinnar.

Í dag

19.30 Stjarnan - Breiðablik Sport
22.00 Pepsimörkin Sport
01.00 NBA: GSW-OKC, L7 Sport

19.15 FH - Víkingur Ó. Kaplakríki
19.15 Fylkir - Fjölínir Fylkisvöllur
20.00 Stjarnan-Breiðab. Stjórnuv.



Aðalfundur

Aðalfundur stuðningsmannaklúbbs Manchester United á Íslandi verður haldinn fimmtudagskvöldið 9. júní 2016 kl. 20. Fundurinn fer fram í sal félagsheimilis Sjálfstæðismanna í Mjódd, Álfabakka 14a. Atkvæðarétt á aðalfundi hafa þeir sem greitt hafa ársgjaldið 2015 - 2016.

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnarmanna
6. Önnur mál

Stjórnin

MARKIÐ SETT HÁTT

Þriðja tölublað hönnunartímaritsins HA kom nýlega út. Efni blaðsins er fjölbreytt en því er meðal annars ætlað að dýpka hönnunartengda umræðu í þjóðfélaginu og lyfta henni á hærra plan.

Nýlega kom út þriðja tölublað hönnunartímaritsins HA, stútfullt af áhugaverðu efni eins og fyrri tölublöð. Útgáfa tímaritsins er mjög metnaðarfull en að henni standa eigendur Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Markmiðið með útgáfu tímaritsins var að skapa vettvang til að dýpka hönnunartengda umræðu í þjóðfélaginu og lyfta henni á hærra plan að sögn ritstjóra þess, Arnars Fells Gunnarssonar. „Við viljum efla þekkingu á hönnun og arkitektúr og sýna áhrif og mikilvægi þeirra. Tímaritinu er einnig ætlað að vera kynningarvettvangur fyrir íslenska hönnun á erlendri grundu og því var ákveðið að hafa það tvítýngt, bæði á íslensku og ensku. Því má segja að markið hafi verið sett mjög hátt strax í byrjun.“

Arnar er menntaður grafískur hönnuður en hefur að eigin sögn alltaf haft sérstakan áhuga á því að glíma við texta. „Ég hafði áður starfað sem blaðamaður og ljósmyndari og hef alltaf haft áhuga á útgáfu og bókagerð. Ég var búsettur í Hollandi með kærustunni minni þegar vinkona mín benti mér á að sækja um starf ritstjóra tímaritsins. Ég gat ekki setið á mér og sótti um starfið, enda þykir mér fátt meira spennandi en að ráðast í krefjandi verkefni og byggja þau upp alveg frá grunni.“

PROTLAUS VINNA

Það er mikil áskorun að gefa út tímarit á borð við HA á svo litlum markaði. „Að gefa út rit sem fær hönnunar- og pappírsperra landsins til að taka andköf

er ekki gert í einni svipan. Þetta er þrotlaus vinna fámenns hóps sem keyrir sig áfram af metnaði og ástríðu. Það er þessum hópi að þakka að tímaritið er að festa sig í sessi og það án nokkurrar mála-miðlunar í prentun eða gæðum. En þetta hefði aldrei verið hægt nema með aðkomu fagfélaganna nú því þar fengum við um eitt þúsund fagmenntaða hönnuði sem áskrifendur. Þar skapaðist grunnurinn fyrir útgáfuna.“

Smám saman hefur áhugafólk um íslenska hönnun bæst í hóp áskrifenda en erlendir ferðamenn kaupa mest af blaðinu í lausalsölu. „Annars hafa viðtökurnar verið frábærar og við fáum reglulega „aðdáendapóst“ frá fólki víða að úr heiminum sem hefur fall-

ið fyrir ritinu. Þótt senan hér sé lítil þá virðist vera af nógu að taka. Við gefum út tvö blöð á ári, vor og haust, og erum ekki í neinum vandræðum með að fylla hverja útgáfu. Á milli blaða er umræðunni er svo haldið á lofti á heimasíðu tímaritsins www.hadesignmag.is, á facebook (HA) og á Instagram (@hadesignmag). Við fengum líka nýlega tilnefningu til FÍT-verðlaunanna og sérstaka viðurkenningu á hönnunarverðlaunum Grapevine.“

NÝTA ÞARF MEÐBYRINN

Hann segir Íslendinga aldrei hafa verið sérlega sterka í framleiðslu eða útflutningi, að sjávarútvegi frátöldum, en vissulega eigi íslensk hönnun fullt erindi á erlendan markað. „Sérstaklega ef við setjum hana í samhengi við þann gríðarlega áhuga sem nú er fyrir öllu því sem tengist landinu. Nýta þarf meðbyrinn og áhugann til fulls en eins leiðinlegt og það hljómar þá snýst þetta bara um pólitík. Ef við viljum búa til raunverulegan samkeppnishæfan atvinnuveg úr íslenskri hönnun og hugviti þá þarf að fjárfesta í innviðum og uppbyggingu, rétt eins og nágrannaþjóðir okkar hafa gert og við höfum sjálf gert í landbúnaði, sjávarútvegi, orkugeiranum og jafnvel ferðamannaíðnaðinum.“

Hann veltir fyrir sér hvort of mikill fókus hafi verið á einsleita og að sumu leiti úrelta stóriðjustefnu í stað þess að byggja upp fjölbreytilegt og skapandi atvinnuumhverfi, drifið áfram af hönnun og hugviti. „Eins og ég segi þá eru þetta engin geimvísindi, þetta snýst bara um stefnu og metnaðinn sem er settur í að halda henni.“

starri@365.is



„Þetta er þrotlaus vinna fámenns hóps sem keyrir sig áfram af metnaði og ástríðu,“ segir Arnar Fells Gunnarsson, ritstjóri HA. MYNDIR/STEFÁN



Rennihurðarbrautir í úrvali

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarnogler.is

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 12–80 ára lesa
Fréttablaðið daglega.*

Skv. Prentmiðlamæling Gallup, jan.-mar. 2016



Allt sem þú þarft...

59,5% lesa
Fréttablaðið

28,6% lesa
Morgunblaðið

Sólgæti

HEILNÆMT OG
NÁTTÚRULEGTLJÓMANDI
GOTT

Vörurnar frá Sólgæti eru hollar og góðar fyrir sælkeri á öllum aldri sem vilja gera vel við sig. Líttu í kringum þig í næstu verslun. Þú kemur eflaust auga á eitthvað ljómandi gott.



heilsa.is

solgaeti.is



Siamese Towers eru skólastofur og skrifstofur við háskólann Universidad Católica de Chile. MYND/CRISTOBAL PALMA

BRAUTRYÐJANDI Í ARKÍTEKTÚR

Alejandro Aravena frá Síle hlaut hin virtu Pritzker-arkitektúrverðlaun árið 2016. Hann er hvað þekktastur fyrir húsnæðisverkefnið Elemental sem vinnur að því að útvega fátæku fólki þak yfir höfuðið.

Pritzker-arkitektúrverðlaunin eru þau virtustu sem arkitekt getur hlotið. Þau voru veitt við háttíðlega athöfn í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York í apríl. Verðlaunahafinn, Alejandro Aravena, er 48 ára gamall og starfar í Santiago í Síle. Hann er 41. Pritzker verðlaunahafinn og sá fyrsti frá Síle.



Aravena stofnaði fyrirtæki sitt, Alejandro Aravena Architects, árið 1994 eftir útskrift frá Universidad Católica de Chile.

Hann hefur MYND/CRISTOBAL PALMA síðan hannað ófáar byggingar fyrir skólann. Sú nýjasta er UC Innovation Center – Anacleto Angelini. Lokið var við bygginguna 2014 en hún hlaut arkitektúrverðlaun í keppninni „2015 Designs of the Year“ sem haldin er af hönnunarsafninu í London. Aravega hefur hannað fjölda annarra bygginga fyrir skólann, þar má nefna byggingu fyrir stærðfræðideild skólans 1999, Síamstvíburaturnana árið 2005 og nýja byggingu fyrir læknaeildina árið 2004.

Hann er þó best þekktur fyrir brautryðjendastarf sitt í félagslegu húsnæði. Hann hefur frá árinu 2001 leitt „do tank“ verkefni sem gengur undir nafninu Elemental. Markmið þess er að byggja hús fyrir fátæk samfélög eða þau sem hafa orðið fyrir náttúruhamförum. Elemental hefur vakið athygli á heimsvísu fyrir sniðugar og ódýrar lausnir. Meginhugsunin er sú að byggja meginstöðir húsa þannig að fólk geti búið þar en skilja hluta húsanna eftir ófullgerða. Þannig er íbúum gefið færi á að eignast ódýrt húsnæði og þeir geta síðar byggt við það eftir eigin höfði þegar efni leyfa. Fyrsta verkefninu, Quinta Monroy Housing project, í Iquique í Síle lauk 2004. Þar fengu 100 fjölskyldur framtíðarheimili á svæði sem þær höfðu búið á ólöglega í 30 ár. Elemental hefur ráðist í svipuð verkefni utan Síle, og má nefna Monterrey Housing í Mexíkó árið 2010. solveig@365.is



Monterrey Housing í Mexíkó eru hluti af verkefnum Elemental. Hluti húsanna er skilinn eftir óbyggður en íbúar geta klárað húsin þegar þeir hafa ráð á því og gert það eftir eigin höfði. MYND/RAMIRO RAMIREZ



UC Innovation Center – Anacleto Angelini, við háskólann Universidad Católica de Chile í Santiago. MYND/NINA VIDIC



Bicentennial-garðurinn í Santiago í Síle. MYND/CRISTOBAL PALMA

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Lögilltur
fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Lögilltur
fasteignasali
Sími 690 2312



Sveinn Eyland
Lögilltur
fasteignasali
Sími 690 0820



Kristján Ólafsson
Hfl.
Lögilltur
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Eggert Mariuson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
Sími 690 1472



Guðrún Dilljá
Lúðviksdóttir
skjalagerð



Benedikt Ólafsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
Sími 661 7788



Nadia Katrín
Sölufulltrúi
Sími 692 5002



Helga Snorradóttir
Skjalavinnsla

Stórt og glæsilegt í Mosó

Fasteignasala Reykjavíkur
kynnir: Glæsilegt einbýlishús
á tveimur hæðum (325
fm). Húsið stendur á skógi
vaxinni 2.000 fm eignarlóð á
einstökum stað við Varmá.

Eignin samanstendur af forstofu,
borðstofu, stofu, sólstofu, tveimur
eldhúsum, tveimur göngum,
fimm svefnherbergjum, fjórum
baðherbergjum, þar af einu með
sauna, fataherbergi, þvottahúsi
ásamt stórum palli með heitum
potti. Húsið er einstaklega fallegt
og vel skipulagt. Frístandandi
bjálkahús (u.þ.b. 10 fm) er á
lóðinni.

Komið er að húsinu á efri hæð
og er yfirbyggð verönd við fram-
hlið hússins. Á efri hæð hússins
er björt, flísalögð forstofa með
fataskáp og gestasnyrtingu. Úr
forstofu er komið inn á parket-
lagðan gang. Hjónaherbergið er
rúmgott og hjart með sér bað-
herbergi, góðum skápum og út-
gengi á flísalagðar svalir. Stofan
er stór með fallegum arni, sjón-
varpsholi og tvennum svölum.
Opíð er úr stofu inn í borðstofu.
Eldhúsið er með hvítvi/viðarinn-
réttingu, granít á borðum. Inn af
eldhúsi er annar inngangur með



Fallegt einbýlishús á góðum útsýnisstað í Mosfellsbæ.

flísalögðu gólfu og góðum skáp-
um. Úr eldhúsi er gengið niður í
stóra sólstofu.

Á neðri hæð eru fjögur góð
svefnherbergi og tvö baðher-
bergi. Eldhúsið/þvottahúsið er á
neðri hæðinni með nýlegri hvítvi
innréttingu og tengi fyrir þvotta-
vél og þurrkara. Auðveldlega er
hægt að útbúa aukaíbúð með
sérinngangi. Aðkoman að hús-
inu er einstaklega aðlaðandi og

setur heimkeyrslan sterkan svip
á eignina. Um er að ræða glæsi-
legt og vel skipulagt einbýlishús
sem býður upp á ýmsa mögu-
leika á góðum og rólegum stað í
Mosfellsbæ. Góð staðsetning og
fallegt útivistarsvæði.

**Allar nánari upplýsingar
veitir Salvör í síma 844-1421
eða salvor@fr.is og Sylvia G.
Walthersdóttir lgf. í síma 477-
7777 eða sylvia@fr.is.**

Elín Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali s: 788 6464 • elin@islenskafasteignasalan.is
Guðrún H. Ólafsdóttir Hdl/lögg. fasteignasali s: 845 7445 • gudrun@islenskafasteignasalan.is

Brávallagata 20 37,9m

Opíð hús þriðjudaginn 31. maí kl. 17:30 - 18:00

Viltu vita hvers virði þín eign er? Frítt verðmat

- 84 fm skráðir skv ÞÍ
- 3ja herbergja
- Eldhús hefur verið endurnýjað
- Tvöföld opnun á milli herbergja
- Hurðaropnun inn í öll rými
- Hægt að hafa 2 faldna stofu og 1 svefnherbergi
- SV svalir (sólrikar)
- Staðsetning einstaklega góð í götunni

Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is www.berg.is
GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
Petur@berg.is

heimili fasteignasala

- á traustum grunni



Bogi Pétursson
Lögg. fasteignasali



Finnboji Hilmarrson
Lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal
Lögg. fasteignasali



Erla Dröfn Magnúsdóttir
Lögræðingur



Jón Bergsson hdl og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason



Gunnlaugur A. Björnsson



Ásdís Irena Sigurðardóttir

Finndu okkur á Facebook



Góð 4ra. herbergja með sér inngangi - Opíð hús
Vel skipulögð 4ra. herbergja 107,6 fm. enda íbúð með sérinngangi og suður svölum í Laufengi 78 Grafarvogi, stutt í alla þjónustu og skóla, **verð 34.900 þ.** Íbúðin getur verið laus strax - **opíð hús á morgun Þriðjudag milli 17:30 - 18:00**
Gunnlaugur 617 5161 tekur á móti gestum



Giljasel - Einbýli
Vel byggð 215 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið stendur í 626 fm garði í mikilli rækt. Hellulagðar stéttir í kringum húsið. Svalir og sólpallur og ágætt útsýni. Möguleiki á aukaíbúð á neðri hæð. Húsið þarfnast endurbóta Laust til afhendingar. Upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson fasteignasali 6993444



Pverholt 3 - 2ja herb. - Opíð hús
Endurbætt 67 fm íbúð á jarðhæð í 3ja íbúða húsi í miðbænum. Nýlegt baðherbergi og eldhús. Parket og flísar á gólfum ásamt nýlegum innréttingum. **Opíð hús í dag kl 17:30-18:00.**
Upplýsingar veitir Bogi 699-3444



Álfaskeið 70 - 4ra og bílskúr
111 fm endaíbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt 24 fm bílskúr. Nýleg gler og ný máluð að innan 3 svefnherbergi og björt stofa með sv svalir. Laus til afhendingar. **V. 34.9 m.** Upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson fasteignasali 6993444



Holtsvegur 41 - 3ja herb. útsýnisíbúð.
Vel skipulögð 122 fm íbúð ásamt staði í bílagæmslu í nýju lyftuhúsi. Tvö góð svefnh., tvö baðh, fallegt eldhús sem er opíð inni stóra og bjarta stofu. Útgengt úr stofu út á stórar (16fm) suður svalir með einstöku útsýni. Íbúðin verður tilbúin til afhendingar fljótlega. **V. 49,9M** Nánari upplýsingar veita Brynjólfur (896-2953) og Finnboji (895-1098)



Sogavegur 109 - Góð sérhæð. Opíð hús.
Vel skipulögð og björt um 135 fm neðri sérhæð með sérinngangi ásamt 25 fm bílskúr. Íbúðin er með tveim stofum í suður, ásamt suðursvölum, og þremur svefnherbergjum í svefnherbergisálmú. Tvö baðherbergi. Þvottahús er innan íbúðar. Góð bílastæði. **Verð 47,5 milljónir. Eignin verður sýnd í opnu húsi í dag frá kl. 17:00 - 17:30.** Frekari upplýsingar veitir Finnboji, 895-1089.



Laugavegur 39 - 3ja - Opíð hús
Falleg 3ja herbergja íbúð við Laugaveg, 101 Reykjavík. Íbúðin sem er skráð 123,3 fm er á 2. hæð í þrjúgjá hæða húsi. Sameiginlegur inngangur sem snýr að Laugaveginum. Inni í skráðum fermetrum er 23,2 fm. geymsla í kjallara. Eigninni fylgir bílastæði á baklóð. **Verð 49.5 m.** Allar nánari upplýsingar veitir Erla Dröfn Magnúsdóttir s. 6920149. **Opíð hús á morgun þriðjudag kl. 18:00.**



Grenimelur 40 - Opíð hús
Björt og falleg 110,4 fm. sérhæð á 2. hæð. Fjögur svefnh., eldhús, stofa, tvö baðh., tvennar svalir, 30 fm. bílskúr og fallegur sameiginlegur garður. Falleg eign á góðum stað. **Verð: 49,9 m. Eignin verður sýnd í opnu húsi á morgun, þriðjudag, kl. 17:15 - 17:45.** Nánari upplýsingar veitir Brynjólfur Snorrason í s: 896-2953, brynjolfur@heimili.is



Boðaping 6 - glæsieign fyrir 55+.
Stórglæsileg um 145 fm íbúð á 2. hæð í vönduð viðhaldslitlu lyftuhúsi fyrir 55 ára og eldri. Staði í bílagæmslu. Íbúðin er með stórum opinni stofu og suðursvölum. Hjónah. með fatah. og sérbaðh. ásamt einu gestah.. Þvottahús innan íbúðar. Vandaðar eikarinnréttingar og nýtt parket. **Verð 54,9 millj.** Frekari upplýsingar veitir Finnboji, 895-1098.



Skipholt - 202 fm atvinnuhúsnæði.
Vandað 202,4 fm atvinnuhúsnæði í góðu húsi miðsvæðis í Reykjavík. Góður salur sem getur hentað fyrir hverskonar danskennslu, jóga eða leikfimi. Í rýmminu er skrifstofuástaða, bíðstofa og búningsherbergi með sturtum. **V. 42.0 m.** Upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson fasteignasali s: 699-3444



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisl@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Vegna mjög mikillar sölu vantar okkur 2ja – 4ra herbergja íbúðir í póstnúmerum 101, 104, 105, 107, 108, 200, 201 og 210. Skoðum og verðmetum samdægurs

Skólavörðustígur. Verslunarhúsnæði til leigu.



Til leigu 70,6 fm. verslunarhúsnæði á jarðhæð í nýlegu húsi við Skólavörðustíg.

Húsnæðið er einn stór salur með flotuðu og lökkðu gólf og góðum verslunarglugga út á Skólavörðustígnum. Innst í húsnæðinu eru þakgluggar og salerni.

Skólavörðustígur er fjölfarnasta verslunargata miðborgarinnar og þar hafa á undanförunum árum komið sér fyrir fjöldinn allur af verslunum með góðum árangri.

Súlunes 14 - Garðabæ. Glæsileg efri sérhæð.



Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 18.00 – 18.45

Stórglæsileg 176,8 fm. 6 herbergja efri sérhæð í tvíbýlishúsi á Arnarnesi auk 37,2 fm. tvöfalds bílskúrs. Aukin lofthæð er í eigninni, gólfhiti, vandaðar innréttingar og tæki og extra háar innihurðir. Gluggar eru allir úr áli og viðhaldsfriir. Fjögur rúm-góð herbergi. Samliggjandi rúmgóðar stofur með útgengi á svalir til suðurs. Fallegt útsýni. Íbúðin var máluð að innan árið 2015. Stór steypt innkeyrsla. Hiti er í tröppum upp á hæðina.

Verið velkomin.

Verð 73,9 millj.

Lúxus sumarhús í Grímsnesi – Vaðnes - Snæfoksstaðir.



Heilsárs bjálkahús - einstök eign.

Fimm herbergi. Gestahús og heitur pottur á verönd.

Lóðin er 1,15 ha. að stærð. Mikill gróður og gott skjól. Útsýnis nýtur að Ingólfsfjalli. Frábær staðsetning. Stutt í marga golfvelli.

Aðeins um 45 mín. akstur frá Reykjavík.

Verð 39,9 millj.

Sumarhús í landi Kárastaða, Þingvöllum.



58,9 fm. sumarhús ásamt 16,2 fm. gestahúsi með gufubaði í landi Kárastaða við vestari jarðarmörk þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Sumarhúsið stendur hátt á gróðurvaxinni 5.600 m² leigulóð með góðu útsýni yfir Þingvallavatn og nágrenni.

Sumarhúsið er endurbyggt á árunum 2002-2005.

Stór verönd umhverfis allt húsið.

Verð 36,9 millj.

Lindarflöt - Garðabæ.



Vel staðsett 197,0 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 57,0 fm. bílskúr við Lindarflöt í Garðabæ.

Húsið er í nokkuð góðu ástandi, en þarfnast þó einhverrar endurnýjunar. Rúmgóðar samliggjandi stofur með útgengi á viðarverönd til suðurs. Fjögur herbergi.

Góð staðsetning þaðan sem stutt er í skóla og íþróttasvæði.

Verð 54,9 millj.

Markarvegur. Frábær staðsetning.



Glæsilegt og vel skipulagt 212,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 30,0 fm. bílskúr á stórrí lóð í Fossvogi. Húsið er teiknað af Knúti Jeppesen og hefur verið haldið í upprunalegan stíl eignarinnar. Stofur með arni. Gólfíðir gluggar í stofum og í eldhúsi. Opið rými á efri hæð með mikilli lofthæð. Þrjú herbergi. Garðurinn er teiknaður af skráðgarðyrkjumeistararum Mark MacFairlane.

Staðsetning eignarinnar er í algjörum sérflokki neðarlaga í Fossvogi á skjólsælum stað þaðan sem stutt er í útivistarparadís og skóla.

Verð 84,0 millj.

Miðleiti. 4ra herbergja endaíbúð.



Vel skipulögð 114,4 fm. endaíbúð með gluggum í 3 áttir á 2. hæð í fjölbýlishúsi fyrir eldri borgara.

Samliggjandi stofur. Tvö herbergi. Stórar svalir til vesturs eru yfirbyggðar að stórum hluta.

Íbúðinni fylgir sér bilastæði í bílageymslu og aðgengi er að sameiginlegum leikfimisal á 5. hæð.

Húsvörður.

Verð 54,5 millj.

Brautarholt. Glæsileg „þakíbúð“.



140,1 fm. „þakíbúð“ með 79,6 fm. þakgarði með morgun og kvöldsol við Brautarholt.

Íbúðin er öll arkitektahönnuð að innan. Sér bilastæði er í afgirtu porti á baklóð hússins. Íbúðin er mjög björt með gólfíðum gluggum að stórum hluta og aukinni lofthæð. Samliggjandi stórar stofur með arni og útgangi á svalir. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar eru úr hnotu að stórum hluta. Hnotuparket og ítalskur ljós marmari er á gólfum.

Verð 75,0 millj.

VINDAKÓR 10 – 12, KÓPAVOGI.

NÝJAR 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

- Glæsilegt fjölbýlishús við Vindakór 10 – 12 í Kópavogi.
- Íbúðirnar sem eru 4ra herbergja eru frá 115,2 fm upp í 120,0 fm.
- Íbúðirnar eru innréttaðar með HTH innréttingum og vönduðum AEG eldhústækjum og eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum.
- Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.
- Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.
- Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

3 ÍBÚÐIR EFTIR

LUNDUR 17 - 23, KÓPAVOGI.

NÝ OG GLÆSILEG FJÖLBÝLISHÚS.

Mjög vandaðar og glæsilegar íbúðir í nýjum fjölbýlishúsum. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja og eru frá 98 fm. upp í 183 fm. Allar innréttingar verða frá Brúnás, eikarhurðir frá Parka. Vönduð eldhústæki frá AEG og hreinlætistæki. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna nema á baðherbergi og í þvottahúsi verða flísar. Íbúðir í Lundi 17-23 verða afhentar á tímabilinu jan-júní 2016. Innréttingar eru sérsmíðaðar, en óski kaupandi eftir breytingunum þurfa slíkar óskir að koma fram tímanlega.

Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.

OPÍÐ HÚS
Í DAG

SKAFTAHLÍÐ 8



Skaftahlíð 8. 5 herbergja endaíbúð.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

